



Alþýðusamband Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sent á netfangið nefnadasvid@althingi.is
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2023
Tilvísun: M202305-0323

Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) ítrekar þær áhyggjur sem sambandið lýsti af stöðu framhaldsfræðslunnar í umsögn sinni um þjónustustofnun á svið menntamála þann 10. mars sl. og skilað var inn í samráðsgátt stjórnvalda. Sem einn eigenda Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) leggjum við ríka áherslu á að hugað verði að þeim verkefnum FA sem áður voru hjá Menntamálastofnun (MMS) og að áframhaldandi framgangur þeirra verði tryggður.

Hér er um að ræða vottun námsskráa framhaldsfræðslunnar og birtingu þeirra í námskrárgrunni, viðurkenningu fræðsluaðila, aðferðfræði raunfærnimats og viðurkenning þess.

FA hefur unnið yfir 60 námskrár sem þurfa reglulega endurskoðun vegna breytinga á vinnumarkaði og umhverfi menntamála. Þá hefur raunfærnimat verið eitt af helstu verkfærum framhaldsfræðslunnar undanfarin ár og hefur FA haft umsjón með gerð matslista og þjálfun matsaðila sem sinna raunfærnimati óháð skólastigum.

Í framkomnu frumvarpi eru þessum verkefnum ekki gerð skil og þeim ekki ætlaður staður innan nýrrar Mennta- og skólaþjónustustofu. Með breytingu á skipan ráðuneyta 2022 var framhaldsfræðslan færð frá MRN til FRN. Mikilvægt er að tryggja að þessi tilfærsla hafi ekki neikvæð áhrif á viðurkenningu og gildi menntunar í framhaldsfræðslu eða raunfærnimat. Það er mikilvægt að skýrt verði sem fyrst hvernig þessum verkefnum verði háttáð í framtíðinni og hver muni bera ábyrgð á þeim.

F.h. Alþýðusambands Íslands
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir
Sviðsstjóri Fræðslusviðs

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

8. maí 2023

Efni: Umsögn BHM um drög að frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Mál nr. 956.

BHM hefur fengið til umsagnar frumvarp mennta- og barnamálaráðherra til laga um Mennta- og skólaþjónustu. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun Mennta- og skólaþjónustustofa og á sama tíma lögð niður Menntamálastofnun. Verkefni Menntamálastofnunar færirst til nýrrar stofnunar annars vegar og til mennta- og barnamálaráðuneytis hins vegar. Þessi áform hafa í tvígang verið kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á Ísland.is hvar BHM veitti umsagnir sem sjá má [hér](#) og [hér](#).

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum BHM tekur bandalagið ekki efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem stefnt er að með frumvarpinu nema að því leyti er varðar starfsfólk Menntamálastofnunar. Vill BHM hér með ítreka þá afstöðu sína að vel er fært að ná fram sömu markmiðum með vægari aðgerðum en frumvarp þetta leggur til.

Í frumvarpinu kemur fram að þær viðamiklu breytingar sem standa til með stofnun Mennta- og skólaþjónustustofu leiði til þess að ekki sé unnt að líta svo á að Menntamálastofnun geti starfað áfram. Verkefni nýrrar stofnunar verði það frábrugðin verkefnum Menntamálastofnunar að hvorki sé hægt að flytja störf frá Menntamálastofnun til nýrrar stofnunar og ráðuneytisins með yfirtöku ráðningarsamninga né að bjóða starfsfólki forgang að nýjum störfum. Þessu mótmælir BHM og ítrekar að ráðuneytið hefur ekki fært nein haldbær rök fyrir því að sú leið sé ekki fær, þ.e. að breyta hlutverki Menntamálastofnunar til samræmis við breyttar áherslur og/eða að bjóða starfsfólki Menntamálastofnunar forgang að störfum hjá nýrri stofnun og eftir atvikum hjá ráðuneytinu, enda er að nokkru leyti verið að færa verkefni frá einni stofnun til annarrar. Allt virðist þetta grundvallast á þeirri ákvörðun ráðherra að leggja niður Menntamálastofnun og setja á fót nýja stofnun sama hvað. Út frá þeirri ákvörðun virðist starfsfólk ráðuneytisins fá það hlutverk að reyna að rökstyðja af hverju þessi eina leið sé fær og hefur það ekki tekist. Það er meira að segja svo að í frumvarpinu kemur fram að verkefni nýrrar stofnunar sem tengjast skólaþjónustu eru orðuð með almennum hætti því ný

heildarlöggjöf um skólaþjónustu er ekki tilbúin og því óljóst hver verkefni nýrrar stofnunar verða! Má því velta fyrir sér hvort vinnan við breytingarnar hafi hafist á réttum enda.

Í frumvarpinu er lagt til að við gildistöku þess geti ráðstafanir hafist til að stuðla að því að ný stofnun geti tekið til starfa þann 1. september 2023 og á sama tíma séu öll störf lögð niður hjá Menntamálastofnun. Gerir BHM ráð fyrir að með þessu sé stefnt að því að það starfsfólk sem ekki fær starf hjá nýrri stofnun verði tilkynnt um starfslok sín við þessi tímamörk og njóti frá 1. september 2023 kjarasamningsbundins uppsagnarfrests enda kemur ekki til álita að samþætta uppsagnarfrest og sumarleyfi starfsfólks. Er þetta bót í máli fyrir þau sem ekki hljóta starf hjá nýrri stofnun.

BHM ítrekar enn og aftur þá afstöðu sína að markmiðum frumvarpsins er vel hægt að ná með vægari hætti og með jafnræði að leiðarljósi þar sem starfsfólki stendur til boða að fylgja verkefnum sínum til nýrrar stofnunar eða til ráðuneytisins. BHM hafnar því alfarið að það „... sé engin önnur leið fær en að leggja störf hjá Menntamálastofnun niður og auglýsa laus störf ...“ og leggur áherslu á að það er ákvörðun ráðherra að útfæra fyrirhugaðar breytingar með þessum hætti. Hvetur BHM til þess að áformun ráðherra verði breytt þannig að tryggja megi réttarstöðu starfsfólk sem breytingin nær til. Við þá breytingu verði horft til ákvæðis til bráðabirgða I í gildandi lögum um Menntamálastofnun þar sem fram kom að starfsfólki yrðu tryggð störf hjá nýrri stofnun en að það kynni að þurfa að hlítabreytingum á starfi eða starfsstigi í samræmi við nýtt skipurit og starfslýsingu. Verði ekki fallist á það er það lágmarkskrafa að mati BHM að tryggt verði að það starfsfólk sem sækir um og hlýtur starf hjá Mennta- og skólaþjónustustofu haldi við umskiptin áunnum kjarasamningsbundnum réttindum frá störfum sínum hjá Menntamálastofnun.

Virðingarfyllst,



Friðrik Jónsson
formaður BHM



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 10. maí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Þingskjal 1492 – 956. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Þóra Jónsdóttir
Lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boðið um að senda inn umsögn við ofangreint mál.

Samtökin fagna frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Mikilvægt er að mati samtakanna að Mennta- og skólaþjónustustofa verði stofnsett, verði frumvarpið að lögum, samhliða og samræmt innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna og aðalnámskráa. Raunar hefði verið betra að frumvarp til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu hefði verið kynnt á undan því frumvarpi sem nú er til samráðs svo hægt sé að móta starfsemi Mennta- og skólaþjónustustofu í samræmi við heildarlögin. Barnaheill sendu umsögn í samráðsgáttina á fyrri stigum, þegar áform um breytingar á skólaþjónustu voru kynnt. Þau sjónarmið sem samtökin lögðu þá til eiga áfram við, þó sérstaklega sem innlegg í undirbúning að frumvarpi til nýrra heildarlaga um skólaþjónustu en þó einnig vegna þessa frumvarps.

Barnaheill áréttar mikilvægi þess að ný heildarlög sem og Mennta- og skólaþjónustustofa tryggi jafnrétti til náms og þjónustu við nemendur óháð búsetu. Samtökin fagna því að heildarhagsmunir barna og ungmenna eru hafðir að leiðarljósi í frumvarpinu um Mennta- og skólaþjónustustofu. Nafn stofnunarinnar eitt og sér felur í sér breyttar áherslur þegar kemur að nálgun við nám barna og ungmenna. Meðan Menntamálastofnun var ætlað fyrst og fremst samkvæmt lögum nr. 91/2015 að stuðla að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið þá ber Mennta- og skólaþjónustustofu samkvæmt frumvarpinu að starfa í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála með það að markmiði að styðja við þroska, líðan og farsæld barna og rétt þeirra til gæðamenntunar og skólaþjónustu auk samræmingar á skóla- og frístundastarfi og stuðla að jöfnuði. Þessari áherslubreytingu fagna Barnaheill og telja að með þessu sé betur hugað að velferð allra barna burtséð frá bakgrunni þeirra og unnið markvisst að því að þeim sé ekki mismunað.

Barnaheill vilja áréttar mikilvægi þess að áhersla verði lögð á í nýjum heildarlögum um skólaþjónustu og við mótun Mennta- og skólaþjónustustofu að snemmtækur stuðningur fyrir börn verði tryggður, hvort sem um náms- eða félagslegar þarfir þeirra er að ræða. Ekki er rætt um slík sjónarmið í frumvarpinu um nýju Mennta- og skólaþjónustustofuna og gjarnan mætti bæta við umfjöllun í greinargerð um snemmtækan stuðning sem dæmi um nálgun og til að tengja betur við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Í nýjum heildarlögum um skólaþjónustu er mikilvægt að leggja áherslu á og gera kröfu til mikillar þekkingar kennara og annars starfsfólks á mismunandi þörfum og getu barna auk skilnings á ólíkum bakgrunni og félagslegum aðstæðum. Þá skiptir miklu máli að þekking á einkennum og ferli barnaverndarmála sé til staðar hjá öllu starfsfólki mennta- og skólaþjónustustofnana.

Í frumvarpinu kemur fram að samráð skuli hafa við börn og ungmenni um verkefni stofunnar og telja Barnaheill mjög mikilvægt að það verði virt. Áskoranir samfélagsins eru sífellt að breytast og er grundvallaratriði að þjónustustofan forgangsraði verkefnum sínum ætíð í samræmi við það og endurskoðað verði reglulega hvaða áherslur verður lagt upp með. Að sama skapi er mikilvægt að tryggja að á Mennta- og skólaþjónustustofu starfi fjölbreyttur hópur sérfræðinga í þeim ólíku málefnum er snúa að börnum og þörfum þeirra.

Í 29. grein Barnasáttmálans er fjallað um inntak menntunar en meðal þess sem þar kemur fram er að menntun barns skuli beinast að því að rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu barns. Félagssæmi og tilfinningagreind er mikilvægur grunnur að öllu námi¹ og gott skólastarf grundvallast á heilbrigðum félagsanda meðal nemenda og kennara.² Ef ekki er hugað að góðum félagsanda er hætta á að nemendur finni fyrir ótta um hvort þau tilheyri hópnum. Óttinn getur leitt til þess að börn útiloki önnur börn frá hópnum sem þá getur orðið að einelti.³ Í slíku umhverfi lækkar siðferðisstigið jafnt og þétt og eigin mælikvarðar settir upp um hvað sé „rétt“ eða „rangt“ og hann notaður til að útiloka önnur börn úr hópnum um leið og þau reyna að tryggja sína eigin stöðu.⁴ Hægt er að vinna markvisst að aukinni virðingu í hópnum með því að leggja sérstaka áherslu á menningu í barnahópnum og mismunandi styrkleika barnanna og þar með fyrirbyggja einelti.⁵ Barnaheill vilja því brýna fyrir stjórnvöldum að tryggja sérhæfingu innan skólaþjónustunnar á þeim sviðum, til stuðnings nemendum, foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki skóla.

Öll börn eiga jafnan rétt til menntunar og til þess að þau njóti menntunar þurfa þau viðeigandi stuðning andlega og félagslega til að geta lært. Með fyrirhuguðum breytingum á skólaþjónustu er brýnt að áhersla verði á að skapa umhverfi öryggis og virðingar gagnvart öllum og til að skapa bestu mögulegu skilyrði til náms.

Námsefni og kennsluáðferðir þurfa að mati Barnaheilla að vera fjölbreyttar svo tryggt sé að komið sé sannarlega á móts við ólíkar þarfir barna. Gott aðgengi að námsefni á mismunandi formi skiptir miklu máli en einnig þarf að huga að hvort kennaramenntun og endurmenntun kennara sé á þann veg að kennarar hafi tækni á að tileinka sér mismunandi kennslunálganir með hagsmuni allra barna í huga. Barnaheill hvetja áfram til þess að ríkt samráð verði haft við börn við mótun lagafrumvarpa um breytingu á skólaþjónustu, upplýsinga verði aflað frá börnum og

¹ Sjá m.a. skrif Daniel Goleman í “Emotional Intelligence” (1995) og “Social Intelligence” (2006).

² Knoop, H.H. et al. (2017) Elevernes fællesskab og trivsel i skolen - analyser af Den Nationale Trivselsmåling. DCUM

³ Kofoed, J. og Søndergaard, D.M. (red.) (2009) Mobning - sociale processer på afveje. Hans Reitzels Forlag.

⁴ Rabøl Hansen, H. (2005) Grundbog mod mobning. Gyldendal.

⁵ Kofoed, J. og Søndergaard, D.M. (red.) (2009) Mobning - sociale processer på afveje. Hans Reitzels Forlag.

að börnum verði gert kleift að miðla áfram skoðunum sínum og tillögum að góðum starfsháttum og samskiptum innan skóla. Jafnframt verði tillit tekið til skoðana barna við mat á hagsmunum þeirra, við mótun breytinganna og þegar ákvarðanir verða teknar.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem vinna að bættum mannréttindum barna og styðja við þá þróun sem birtist í þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett sér um innleiðingu Barnasáttmálans, með stefnunni um barnvænt Ísland. Samtökin leggja mikla áherslu á forvarnir og vernd barna gegn ofbeldi í hvaða formi sem er. Telja Barnaheill gjaldfrjálsa gæðamenntun, án mismununar, vera grundvallarpátt í að skapa aðstæður fyrir börn til að lifa og þroskast við bestu mögulegu skilyrði.

Reykjavík 5. maí 2023

Berist til: Mennta- og barnamálaráðuneytis

Umsögn frá skólamálanefnd Félags grunnskólakennara

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um Mennta- og skólaþjónustustofu

Mál nr. 956

Almennt:

Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin styðji við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna og aðalnámskráa. Mikilvægt er að verkefnum sem þessu fylgi fjármunir, sem og tími, til að tryggja að hægt sé að innleiða með góðu móti. Þessu hefur verið verulega ábótavant og erfitt fyrir sveitarfélög og kennara að innleiða stór verkefni sem ekki er greitt fyrir sérstaklega eða gefinn aukinn tími til að vinna. Verkefnum kennara hefur fjölgað mikið síðustu ár sem og allri umsýslu í tengslum við kennslu og umsjón nemenda. Lögð er áhersla á samstarf við KÍ við stórar breytingar sem þessar innan skólasamfélagsins.

Orðalag

Orðalag innan frumvarpsins miðar oft að öllu samfélaginu, foreldrum, börnum og ungmennum auk skólasamfélagsins í heild. Ekki þykir ljóst hvar verkefni ráðuneytis enda og skólaþjónustu hefjast, hvorki hvort um ræðir skólaþjónustu/félagsþjónustu hvers sveitarfélags eða nýrrar þjónustustofnunar x.

Helstu athugasemdir skólamálanefndar Félags grunnskólakennara snúa að 5. gr. og fjalla um verkefni stofnunarinnar.

5.gr. - Verkefni

Gerð er athugasemd við eftirfarandi liði:

a. styðja og efla menntun og skólustarf um land allt í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma, m.a. Með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

Óljóst er hvort og hvernig þetta verður framkvæmt, á að taka fram fyrir hendur á stjórnendum í skólum landsins eða á að vera hægt að leita til þeirra ef stjórnendur telja sig þurfa.

c. styðja, samhæfa og eftir atvikum framkvæma skólaþjónustu leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Óljóst þykir hvar og hvenær skuli leita til stofnunarinnar og hvenær til skólaþjónustu sveitarfélagsins. Hér þyrfti að skilgreina betur hvers eðlis þjónustan er.

d. efla skólaþróun um land allt, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

Þessi liður er endurtekning á lið a og mætti því falla brott.

e. sjá skólum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum á margs konar formi og styðja við notkun þeirra í skólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis,

Hyggst stofnunin framleiða efni sjálf eða leita til annarra aðila? Hér er lagt til að samráð verði haft við skólamálanefndir KÍ.

f. byggja upp og halda utan um aðferðir og úrræði fyrir skóla sem styðja við skólastarf og skólaþjónustu, þar á meðal gæðaviðmið, verkferla, verkfæri, matstæki og önnur tæki til skimana og athugana á einstaklingum eða hópum,

Hér þarf að huga að breytingu á 91/2008: Lög um grunnskóla: Ef ætlunin er að skoða gæðaviðmið þarf að hafa í huga stærðir á bekkjum/námshópum. Þarft er að skoða nemendagildi þar sem kennsla í skóla fyrir alla þarf að vera skilgreind betur. Ekki hægt að segja að allir bekkir/námshópar séu eins. Einnig er vert að skoða nemanda per fermeter.

i. byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla, m.a. með því að styðja við, samhæfa og eftir atvikum skipuleggja starfsþróun starfsfólks skóla.

Er herna ætlunin að fara að hlutast til um starfsþróun kennara eða er verið að tala um annað starfsfólk en kennara? Á greinin við um öll skólastig? Skipulag á starfsþróun starfsfólks skóla er nýtt hlutverk stofnunar. Hver stendur straum af kostnaði við starfsþróunina og hvaða hluti vinnutíma kennara yrði nýttur?

Hve stór hluti starfsþróunar yrði á hendi þjónustustofnunarinnar og hver er aðkoma sveitarfélaganna að þróuninni?

Í grein 10.2 í kjarasamningi grunnskólakennara segir: *Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.* Hér er þá væntanlega verið að tala um nauðsynlega starfsþróun sem yrði þá kostuð af ríkinu. Þetta hlutverk þarfnast mun skýrara orðalags. Hægt væri til að mynda að tala um að starfsþróun verði í boði.

k. stunda rannsóknir á sviði menntunar, skólastarfs og skólaþjónustu eftir því sem unnt er.

Hér leggjum við til öflugt samstarf við háskólana á Íslandi. Mælt er með að það sé gert vegna þess hve yfirgripsmikil starfsemi stofnunarinnar er.

Virðingarfyllst, skólamálanefnd FG

Kolbrún Guðmundsdóttir

Kristín Björnsdóttir

Guðbjörg Íris Atladóttir

Árný Jóna Stefánsdóttir

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Pollý Rósa Brynjólfsdóttir

Pórey Björk Hjaltadóttir

Reykjavík 8. maí 2023

Umsögn Félags íslenskra bókaútgefenda vegna frumvarps til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Sjá þingskjal hér:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/1492.pdf>

Fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) fagna ég mjög áformum ráðherra mennta- og barnamála um þær viðamiklu breytingar sem hér eru boðaðar í frumvarpinu um nýja þjónustustofnun, Mennta- og skólaþjónustustofu. Þessar breytingar eru bæði þarfar og löngu tímabærar, sérstaklega hvað varðar uppstokkun á tilgangi og hlutverki Menntamálastofnunnar.

En þó að þessi ákveðnu og umfangsmiklu skref sem birtast í frumvarpinu og samfylgjandi greinargerð gleðji sannarlega, þá eru það veruleg vonbrigði að þar eigi ekki að ráðast á sama tíma í frekari endurskoðun á fyrirkomulagi á útgáfu námsgagna.

Frumvarpið tryggir því áframhaldandi ríkiseinokun á útgáfu námsefnis eins og lesa má í 5. gr. frumvarpsins tölulið e., þ.e.a.s. að verkefni Mennta- og skólaþjónustustofu verði að: „*sjá skólum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum á margs konar formi og styðja við notkun þeirra í skólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.*“

Þetta frumvarp er því ekki hægt að skilja öðruvísi en að áfram verði gert ráð fyrir ríkisrekinni einokun á útgáfu námsefnis fyrir allt grunnskólastigið með því að undirstofnun mennta- og barnamálaráðuneytisins á sviði fræðslu- og menntamála sjái alfarið um slíka útgáfu, hvort sem um er að ræða prentað eða rafrænt efni.

Það vekur mikla furðu mína, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að í jafn áræðnum og metnaðarfullum áformum sem hér um ræðir að ætlunin sé að festa frekar í sessi þetta löngu úrelta fyrirkomulag sem hvergi tíðkast í þeim löndum sem við svo gjarnan berum okkur saman við.

Þessi staðfesting á áframhaldandi ríkiseinokun á útgáfu á námsefni fyrir allt grunnskólastigið mun þannig hafa áfram skaðleg áhrif á alla sjálfstæða lögaðila, hvort sem að það eru kennarar, útgefendur, nýsköpunar- eða tæknifyrirtæki sem starfa á sviði námsgagnagerðar. Verði þessum áformum ekki breytt verða þessir aðilar enn fremur útilokaðir frá því að selja vörur sínar og þjónustu til grunnskólanna, þar sem nánast allt það fjármagn sem ætlað er til þess í dag fer til Menntamálastofnunnar og verður væntanlega áfram hjá Mennta- og skólaþjónustustofu.

Eftirfarandi setning kemur reyndar fram í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu: „*Rétt er að leggja áherslu á að gert er ráð fyrir að frekari endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna fari fram á síðari hluta yfirstandandi kjörtímabils.*“ Hér er hins vegar ekki mjög fast kveðið að og lítið hald í þessu. Nær væri að festa þessar breytingar í frumvarpinu sjálfu en mögulega væri hægt að setja þar svo einhver tímamörk. Þannig væri hægt að vinna að nauðsynlegum undirbúningi á því að opna þennan grunnskólamarkað fyrir öðrum en ríkisrekinni stofnun.

Í þessum áformum er auk þess heldur ekki tekið á útgáfu námsefnis fyrir framhaldsskólastigið en núverandi fyrirkomulag sem byggir á að nemendurnir þurfi sjálfir að bera þennan kostnað hefur verið harðlega gagnrýnt, m.a. með umfjöllun fjölmiðla á opinberum vettvangi. Þar bentu skólameistarar í framhaldsskólum á að þetta stuðli að verulegum ójöfnuði til náms fyrir tekjulægri einstaklinga og fjölskyldur þeirra og hefði leitt til brottfalls nemenda úr framhaldsskólum. Með því að taka ekki á þessu í frumvarpi um Mennta- og skólaþjónustustofu sem taka á við hluta af verkefnum Menntamálastofnunnar, er áfram unnið gegn jöfnuði og rétti allra þjóðfélagshópa hér á landi til

náms óháð efnahag og tekjum. Það er skammarlegt að Ísland skuli vera eina landið á Norðurlöndum þar sem ríkið sér nemendum í framhaldsskólum ekki fyrir námsgögnum með því að kaupa þau af sjálfstætt starfandi útgefendum.

Það er einlæg von mín að á vettvangi ykkar í Allsherjar- og menntamálanefnd verði áfram unnið með ofangreindar athugasemdir og tekið tillit til þeirra. Það er langt frá því að þetta sé einkamál okkar bókaútgefenda. Að tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttu námsefni með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til heilla og hagsbóta.

Að þessu sögðu vonast ég til þess að fá tækifæri til þess að rökstyðja mál mitt frekar fyrir ykkur í Allsherjar- og menntamálanefnd og svara spurningum sem að þið kunnið að hafa nánar varðandi þetta.

Virðingarfyllt,

Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2023.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1492 — 956. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1492 - 956. mál. Félagið hefur veitt umsögn við málið á fyrri stigum með umsögn dags. 31. október 2022 og 10. mars 2023. Félagið fagnar þeirri vinnu sem á sér stað innan ráðuneytisins sem byggir á skýrri stefnu í málefnum barna með áherslu á að styðja við farsæld þeirra. Það samráð sem hefur átt sér í aðgraganda frumvarpsins meðal annars með ráðstefnu 14. nóvember 2022 og þjóðfundi 6. mars 2023 er til fyrirmyndar en einnig er mikilvægt að tryggja samráð við börn og fagnaðarefni að unnið sé að samráði við börn um allt land í tengslum við heildarlöggjöf um skólaþjónustu.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur í fyrri umsögnum bent á mikilvægi þess að sú sérfræðipækking sem liggur hjá starfsfólki Menntamálastofnunar færist yfir til nýrrar stofnunar því það getur tekið mörg ár að byggja upp starfhæfa stofnun. Ný stofnun á sviði menntamála þarf að veita skólasamfélaginu þjónustu, faglega ráðgjöf og stuðning auk þess að vera styðjandi bakhjarl skólaþróunar. Ef lítið er til þess hvernig staðið var að málum við flutning verkefna þegar Barnaverndarstofa var lögð niður og ný stofnun Barna- og fjölskyldustofa sett á laggirnar þá var starfsfólki boðin störf við nýja stofnun. Þannig færðist þekkingin yfir í nýja stofnun með starfsfólkinu og með því var hægt að tryggja starfshæfni hinnar nýju stofnunar. Það eru því vonbrigði að ráðuneytið hafi komist að þeirri niðurstöðu að segja öllu starfsfólki Menntamálastofnunar upp, fyrir utan forstjóra stofnunarinnar og auglýsa öll störf. Stofnuninni er ætlað mikilvægt hlutverk og til að tryggja starfshæfni nýrrar þjónustustofnunar þarf sérfræðipækking að flytjast yfir í nýja stofnun en sú þekking liggur hjá starfsfólki Menntamálastofnunar.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað bent á mikilvægi faglegs stuðnings á öllum skólastigum sem byggir á heildarnálgun, víðeigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólastarfi. Með því að efla skólastarfið í þágu barna og fjölskyldna með þverfaglegri þjónustu verður jafnframt stuðlað að aukinni hagræðingu í skólakerfinu. Lítið er á skólann sem undirstöðu velsældar einstaklings og samfélags en samhliða skólustefnu um skóla án aðgreiningar hefur félagsmótunarlutverk skóla aukist og vikkað. Kjarnahlutverk kennara er að styrkja námsþroska og uppeldi skólabarnsins en vaxandi hlutfall greininga vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda hefur áhrif á starf kennarans og líðan skólabarnsins¹ auk nýrra áskorana vegna vaxandi fjölbreytileika í nemendahópnum og þörf á sérþekkingu í málefni innflytjenda og flóttabarna. Félagið vill einnig minna á að í lögum um grunnskóla nr. 21/1977 og ráðgjafa- og sérfræðipjónustu grunnskóla nr. 21/1980 voru ákvæði um að ráða félagsráðgjafa auk annarra fagstétta. Vegna skorts á félagsráðgjöfum voru aðrir smám saman ráðnir í störf² en námsráðgjöf var fyrst lögfest í grunnskólalögum nr. 49/1991.

¹ Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar (2017). Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara (skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara). Reykjavík: höfundur.

² Ella Kristín Karlsdóttir, Guðrún H. Sederholm, Sigrún Júlíusdóttir & Valgerður Halldórsdóttir (2005).

Félagsráðgjöf – hluti af faglegri þjónustu á öllum skólastigum: Greinargerð um þróun skólafélagsráðgjafar á Íslandi. Óbirt skýrsla.

Við endurskoðun grunnskólalaga árið 1995 var lögð áhersla á heildæna sýn á nemandann innan skólans og að samræma vinnulag skóla og annarra stofnana sem koma að stuðningi við nemendur, meðal annars félagsþjónustu og heilsugæslu. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að tryggja að skólaþjónusta sé veitt í grunnskólum, þrátt fyrir það hefur áherslan verið á sérfræðiþjónustu utan skóla. Skólastjórnendur benda hins vegar á að það vanti sérfræðinga inn í skóla til að fást við vandamál nemenda, s.s. sálfræðinga og félagsráðgjafa³.

Sem fyrr vill Félagsráðgjafafélag Íslands árétta nauðsyn þess að að bæta faglega þjónustu við nemendur á öllum skólastigum til að tryggja jöfn tækifæri allra til náms, liður í því er að tryggja aðgang að félagsráðgjöf. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu s.s. vegna námsörðugleika, fötlunar og jaðarstöðu í félagahópnum sem tengist fátækt og einelti, menningarmun eða vegna áfalla í fjölskyldu, svo sem skilnaðar og andláts. Það er mikilvægt að sinna félagslegum og persónulegum vanda nemenda á markvissan hátt í gegnum kerfasamstarf við aðrar velferðarstofnanir á sama tíma og unnið er að forvörnum. Aukið fagafli innan skóla er til þess fallið að létta álagi á kennurum og gera þeim kleift að einbeita sér að kennslu. Með auknum fagstyrk innan skóla er jafnframt komist nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að öll fái jöfn tækifæri til náms⁴. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Þeir ættu því að vera ein af lykilstéttum innan skólakerfisins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að taka þátt í þeirri vinnu sem er framundan til að jafna aðgengi nemenda, foreldra og starfsfólks skóla að skólaþjónustu, tryggja lágmarksþjónustu og að stuðningur og ráðgjöf sé í samræmi við þarfir allra nemenda óháð skólastigi. Félagið er jafnframt tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

³ Sjá t.d. skýrslu Innri endurskoðun Reykjavíkur. (2019). Grunnskólar Reykjavíkur. Úthlutun fjárhagsramma og rekstur. Sótt 28.1.2019 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/ie18050002_-_grunnskolar_reykjavikur_uthlutun_fjarhagsramma_og_rekstur.pdf

⁴ Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2019). Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara: Viðbragðsbúnaður skólans. *Sjórnsmál & stjórnsýsla*, 1(15), 113–134.

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sent á netfangið nefndasvid@althingi.is
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2023
Tilvísun: M202305-0323

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM MENNTA- OG SKÓLAÞJÓNUSTUSTOFU

Vegna stjórnarfrumvarps mennta- og barnamálaráðherra nr. 1492 um Mennta- og skólaþjónustustofu vill Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) koma eftirfarandi á framfæri. Huga þarf að því hver taki við hlutverki Menntamálastofnunar (MMS) þegar kemur að vottun námskráa í framhaldsfræðslu, viðurkenningu fræðsluaðila í framhaldsfræðslu sem og aðferðafræði raunfærnimats og viðurkenningu á því.

5. samráð

Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er lýst yfir áhyggjum af því að framhaldsfræðslu sé ekki gerð skil í frumvarpinu. Með breytingum á skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. forsetaúrskurð nr. 6/2022, voru málefni framhaldsfræðslu færð frá almennum fræðslumálum og fer félags- og vinnumarkaðsráðuneyti með þau mál eins og önnur málefni vinnumarkaðarins. Unnið er að því að leysa úr óvissuþáttum sem tengjast niðurlagningu Menntamálastofnunar með tilliti til framhaldsfræðslu í samvinnu mennta- og barnamálaráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Námskrár framhaldsfræðslunnar hafa verið vottaðar af MMS. Í frumvarpinu kemur ekki fram að hlutverk Mennta- og skólaþjónustustofu sé vottun námskráa, óháð skólastigum. Mikilvægt er að huga að yfirfærslu þess verkþáttar sem MMS hefur haft fram að þessu og tryggja að námskrár framhaldsfræðslunnar verði vottaðar og metnar til eininga líkt og verið hefur. FA hefur þróað yfir 60 námskrár sem eru í reglulegri endurskoðun vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og umhverfi menntamála í landinu.

Fram til ársins 2022 heyrði framhaldsfræðslan undir MRN og almenn fræðslumál. Með breytingu á skipan ráðuneyta var málaflokkurinn færður til FRN árið 2022. Tryggja þarf að viðurkenning og gildi menntunar í framhaldsfræðslu fyrir einstaklinginn tapist ekki hvort sem horft er til námskrár framhaldsfræðslunnar eða raunfærnimats.

Um 10. gr.


Í 8. tölul. eru lagðar til breytingar á lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010. Þegar löggin voru sett fór sami ráðherra með málefni framhaldsfræðslu og Menntamálastofnunar. Með forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2002, var félags- og vinnumarkaðsráðuneyti falið að fara með framhaldsfræðslu og er ekki talið rétt að ráðherra hafi í lögum heimild til að fela stofnun á málefnasviði annars ráðherra verkefni.

Raunfærnimat hefur verið eitt af helstu verkfærum framhaldsfræðslunnar. Hvaða áhrif mun ofangreint hafa á raunfærnimat þegar kemur að því að meta til náms á framhaldskólastigi og á móti

viðmiðum starfa. Raunfærnimat hefur verið eitt af hlutverkum framhaldsfræðslunnar frá árinu 2007. Í III. kafla 13. greinar reglugerðar nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu segir: „*Raunfærnimat fer fram á vegum viðurkenndra fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Matsaðilar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.*“ Til dagsins í dag hefur verið raunfærnimetið á móti 33 námskrám í iðngreinum auk þess eru um 30 aðrar námskrár innan framhaldsfræðslu og framhaldsskóla sem metið er móti og má nýta til eininga inn í frekara nám. Hefur FA haft umsjón með að gerð mats- og skimunarlista séu í samræmi við kröfur námskráa og nýtist sem tæki í raunfærnimatsferlinu. FA hefur einnig séð um þjálfun matsaðila og - verkefnistjóra sem sinna raunfærnimati, óháð skólastigum (háskólar hafa leitið til FA með þjálfun síns starfsfólks). En framhaldsskólarnir hafa, fram að þessu, ekki haft það hlutverk að halda utan um [raunfærnimatsferli þar sem fylgja þarf ákveðinni aðferðafræði.](#)

Reykjavík 9. maí 2023

f.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins



Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík 10. maí 2023

Nefndasvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarpi_ til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, þskj. 1492, mál nr. 956

Formaður leggur fram fyrir hönd Kennarasambands Íslands (KÍ) eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Almennt um þjónustustofnun á sviði menntamála

Formaður hefur kynnt sér meðfylgjandi frumvarp auk þess að hafa setið í undirbúningshópi vegna stofnunar nýrrar þjónustustofnunar á sviði menntamála. Á síðustu árum hefur verið umræða um Menntamálastofnunar, tilgang hennar og hlutverk. Nýrri stofnun er ætlað að koma til móts við þá umræðu auk þess að sníða verkefni hennar betur að því að styðja við gæði náms og bæta ólíka þætti í umgjörð skólustarfs. Vísað er í fyrri umsögn KÍ sem lögð var inn í Samráðsgátt en formaður vill í ljósi vinnu sem unnin hefur verið frá þeim tíma benda sérstaklega á þrjú atriði sem að vert er að skoða enn betur.

2. gr.

Í 2. grein frumvarpsins er farið yfir markmið með starfsemi stofnunarinnar. Í 4. tölulið er vísað í að stofnunin eigi að „vera faglegt forystuafli og bakhjarl og styðja við notkun viðurkenndra aðferða í skóla- og frístundastarfi og skólaþjónustu“. Hér verður sérstaklega að benda á að skólar verða að hafa ákveðið frelsi til að velja kennsluaðferðir, miðstýring þess eykur ekki endilega gæði skólustarfs og ekki á undir neinum kringumstæðum stofnun að hafa það vald að geta valið hvaða aðferðir verða notaðar eða eru æskilegar. Á sama hátt er spurning hvað átt er við með „viðurkenndar“ aðferðir enda orð sem gefur kost á opnum skilningi sem gæti þá vísað til viðurkenningar stofnunarinnar. Í umræðum um menntun hefur orðið „gagnreyndar“ verið notað yfir kennsluaðferðir sem hafa öðlast almenna viðurkenningu, var mögulega verið að horfa til þess orðs hér?

5. gr.

Í 5. grein er farið yfir verkefni stofnunarinnar. Sérstaklega er bent á það hve núverandi staða er ólík, þar sem flest sveitarfélög reka skólaþjónustu fyrir sína leik- og grunnskóla, sum eru í bandalagi um

rekstur slíkrar þjónustu og svo eru einhver sem einfaldlega gera það ekki eða leita lausna hjá ólíkum einkaaðilum. Skólaþjónusta í framhaldsskóla er alfarið á herðum hvers skóla. Mjög mikilvægt er að skýr sameiginleg sýn ríki á öllum skólastigum um hvað skólaþjónusta á að vera, hver sé ábyrgur fyrir rekstri þeirra/hennar? og að það sé algert skilyrði að allir nemendur á öllum skólastigum fái skólaþjónustu. Þegar kemur að rannsóknum þarf að horfa til þess/er mikilvægt að háskólar eigi aðkomu að þeim þar sem að þeir hafa sérþekkingu til að sinna því verkefni. Í greininni er rætt um að stofnunin styðji við einstaklinga, það er ansi stórt skref, hennar hlutverk ætti að vera að tryggja umrædda þjónustu en ekki að vera einstaklingsþjónusta.

Að auki:

Frá því umsögn KÍ var lögð í samráðsgátt hefur töluverð umræða farið fram á meðal stjórnar KÍ, aðildarfélaga og í samskiptum við félagsmenn um hlutverk og starfsemi nýrrar stofnunar. Eins og áður segir eru talin góð teikn vera á lofti þegar kemur að nýrri stofnun og ljóst að henni er ætlað að bæta skólaþjónustu á Íslandi. Það er þó mat KÍ að mjög mikilvægt sé að sýnilegt eignarhald á stofnuninni verði víðtækt, þ.e. að raddir hagaðila komi að stofnuninni með reglulegum hætti, í raun með sama hætti og verið hefur í undirbúningsvinnu fyrir þá lagagerð sem vísað er í hér og regluleg samtöl um ólíka þætti starfsemi stofnunarinnar sem farið hafa fram síðustu vikur og mánuði.


Þeirri stofnun sem þjónustustofnun þessi tekur við af, Menntamálastofnun, var ætlað að hafa stýrihóp að baki sér en stuðningurinn og aðhaldið sem honum var ætlað að veita var því miður? aldrei sýnilegt og í raun má segja að það hafi mögulega orðið til þess að rýra traust milli MMS/stofnunarinnar og skólasamfélagsins.

Af því verður að læra. Því leggur undirritaður til að inn í lögin verði rituð grein sem tiltekur stýrihóp með aðkomu lykilaðila í íslensku skólasamfélagi til að styðja við nýja stofnun í því þróunarferli sem framundan er og tryggi því að raddir hagsmunaaðila verði hluti af því ferli. Þar að sjálfsgöðu telur KÍ sig eiga að eiga fulltrúa, einn eða fleiri.

Stjórn KÍ vill sérstaklega benda á þær umsagnir sem hún sendi inn í samráðsgátt um málið á fyrri stigum auk umsagna stjórnna aðildarfélaga sambandsins.

Undirritaður er reiðubúinn, og í raun óskar eftir, að koma á fund Allsherjar- og menntamálanefndar til að reifa enn frekar málið áður en kemur til endanlegrar afgreiðslu málsins frá Alþingi.

Virðingarfyllst,



Magnús Þór Jónsson - formaður KÍ

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Mennta- og barnamálaráðuneyti

Dagsetning: 30. maí 2023

Efni: Vegna frumvarps til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 153. lögb., 956. mál.

Inngangur

Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis hefur farið þess á leit við mennta- og barnamálaráðuneytið að ráðuneytið taki saman minnisblað með umfjöllun um umsagnir og erindi sem hafa borist nefndinni um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Hér á eftir fer umfjöllun um þau atriði sem ráðuneytið telur ástæðu til að bregðast við í umsögnum og ábendingar frá ráðuneytinu um frumvarpið.

Erindi og umsagnir

Almennt

Umsagnaraðilar til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis eru almennt jákvæðir fyrir breytingunum. Þar má nefna Samband Íslenskra sveitarfélaga sem er fylgjandi nýrri stofnun og Reykjavíkurborg sem fagnar frumvarpinu. Þá eru félög eins og Kennarasamband Íslands og sem telja góð teikn á lofti með því.

Hlutverk og verkefni

Í umsögnum sem bárust um frumvarpið er á nokkrum stöðum fjallað um að hlutverk Mennta- og skólaþjónustustofu, þar á meðal að hlutverk og verkefni séu ekki nægilega skýr.

Af því tilefni er rétt að komi fram að frumvarpið gerir ráð fyrir rammalöggjöf um stofnunina Mennta- og skólaþjónustustofu og að skylduverkefni stofnunarinnar séu betur skilgreind í öðrum lögum, t.d. lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Í 5. gr. frumvarpsins er því fjallað með tiltölulega almennum hætti um verkefni stofnunarinnar en inntak hvers töluliðar ræðst af öðrum lögum og reglum sem gilda um verkefni stofnunarinnar og forgangsroðun verkefna. Rétt er að fram komi að þetta er sama aðferð við lagasetningu og m.a. var notuð við setningu laga um Barna- og fjölskyldustofu, sbr. 3. gr. laga nr. 87/2021.

Að mati mennta- og barnamálaráðuneytisins er þetta aðferð sem veitir svigrúm til framþróunar og er því vel til þess fallin að ná utan um þá stefnumótun sem nú er fram undan í menntakerfinu, eins og verður meðal annars fjallað nánar um hér á eftir.

Skólaþjónusta

Í nokkrum umsögnum, þ.m.t. Reykjavíkurborgar, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Barnaheilla, er fjallað um hlutverk nýrrar stofnunar í skólaþjónustu. Því er meðal annars lýst að hlutverk stofnunarinnar þegar kemur að skólaþjónustu sé ekki nægilega skýrt í frumvarpinu og að fyrst hefði átt að vinna stefnumótun um skólaþjónustu og síðan breyta stofnuninni.

Af því tilefni telur ráðuneytið rétt að draga fram umfjöllun sem kemur fram í köflum 2.1. og 3.3. í frumvarpinu. Mennta- og barnamálaráðherra hefur í hyggju að leggja fram ný heildarlög um skólaþjónustu á næsta þingi. Samráð um nýju heildarlögin er í fullum gangi og verður meðal annars haldinn stór samráðsfundur 5. júní nk. Mikil umræða er því um inntak og uppbyggingu skólaþjónustu til framtíðar, þ.m.t. um stefnumótun varðandi hlutverk nýrrar stofnunar í skólaþjónustu. Af þessu leiðir að ákveðnar væntingar hafa verið til þess að þessar nýju hugmyndir endurspeglast í frumvarpinu.

Þar sem lykilþættir í nýju fyrirkomulagi eru enn óákveðnir er ekki unnt að verða að fullu við þessu ákalli. Var því ákveðið að fara þá leið í frumvarpinu og nota almennt orðalag um verkefni stofnunarinnar þegar kemur að skólaþjónustu sem nær utan um gildandi lög. Liður í heildarendurskoðun skólaþjónustu er að skilgreina nýtt hlutverk stofnunarinnar og er því viðbúið, verði frumvarpið að lögum, að þau lög muni taka breytingum á næsta lögjafarþingi.

Rétt er að fram komi að mennta- og barnamálaráðuneytið telur mjög mikilvægt að ný stofnun verði sett á fót og hefji störf áður en gerðar verði breytingar á lögum um skólaþjónustu. Breytingar á stofnunum taka tíma og mikilvægt að stofnunin fái svigrúm til að setja uppbygginguna af stað áður en ný verkefni skólaþjónustu koma til. Þá má benda á að reynsla mennta- og barnamálaráðuneytisins af innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sýnir mikilvægi þess að búið sé að gera breytingar á stofnanauppbyggingu áður en stórum stefnubreytingum er hrint í framkvæmd.

Framhaldsfræðsla

Í umsögnum Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er lýst áhyggjum af því frumvarpið kunni að fela í sér neikvæð áhrif á framhaldsfræðslu, einkum þegar litið er til viðurkenninga námsbrauta og náms.

Með breytingum á skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta síðastliðinn vetur voru málefni framhaldsfræðslu flutt frá þeim ráðherra sem fer með önnur fræðslumál, þ.m.t. framhaldsskóla. Frá þeim tíma hefur ábyrgð á viðurkenningum fræðsluaðila framhaldsfræðslu verið hjá félags- og vinnumarkaðsráðherra. Frumvarpinu er ætlað að endurspeglar þessar breytingar. Með frumvarpinu er aftur á móti ekki ætlunin að hafa efnisleg áhrif á mat á viðurkenningu og gildi framhaldsfræðslu. Þær breytingar sem þar eru lagðar til koma ekki í veg fyrir að ný stofnun geti verið þeim ráðherra, sem fer með verkefni framhaldsfræðslu, til stuðning og ráðgjafar við um undirbúning viðurkenninga námsskráa eða námslýsinga. Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur áherslu á það mikilvæga hlutverk sem fræðsluaðilar framhaldsfræðslu gegna og samlegð milli verkefna framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Ekki mun standa á ráðuneytinu og nýrri stofnun að styðja áfram við framhaldsfræðslu í góðu samstarfi við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Námsgögn

Námsgögn eru umfjöllunarefni í nokkrum umsögnum. Þar á meðal eru Félag íslenskra bókaútgefenda (Fíbút), Samtök Iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja sem gagnrýna að í frumvarpinu sé ekki gengið lengra við að gera frekar breytingar á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna. Í umsögnunum kemur fram að þótt liggi fyrir að frekari endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna fari fram á seinni hluta yfirstandandi kjörtímabils sé ekki mikið hald í þeim fyrirheitum. Kemur fram í umsögn Fíbút að nær væri að „festa þessar breytingar í frumvarpinu sjálfu en mögulega væri hægt að setja þar svo einhver tímamörk.“

Vegna þessara athugasemda vill mennta- og barnamálaráðuneyti að komi fram að endurskoðun á umgjörð námsgagnagerðar er hafin og stefnt að því að ljúka henni fyrir lok yfirstandandi kjörtímabils. Ef allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vill marka þessari endurskoðun ramma og tímamörk væri t.a.m. hægt að bæta ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið þar sem lagt væri fyrir mennta- og barnamálaráðherra að ljúka endurskoðuninni í síðasta lagi fyrir tilgreindan tíma. Slíkt ákvæði gæti til að mynda hljóðað svona:

„Ráðherra skal standa fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi námsgagnagerðar og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um námsgögn, nr. 71/2007, og eftir atvikum öðrum lögum, eigi síðar en 31. mars 2025.“

Ef þessi leið yrði farin þyrfti jafnframt að aðlaga gildistökuákvæði frumvarpsins að breytingum

Umsögn Persónuverndar

Í umsögn Persónuverndar eru gerðar athugasemdir í nokkrum liðum.

Í umsögn Persónuverndar er meðal annars fjallað um mat á áhrifum á persónuvernd. Tilfni umfjöllunarinnar er orðalag í frumvarpinu þar sem kemur fram að „ekki hafi verið talin ástæða til að framkvæma mat á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd“. Vegna þessa telur ráðuneytið rétt að áréttta að með þessum ummælum er átt við að við undirbúning frumvarpsins taldi mennta- og barnamálaráðuneyti ekki ástæðu til að gera sérstakt mat á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd. Eins og ráða má af umfjöllun Persónuverndar gat þetta orðalag misskilist á þann veg að þar væri átt við að ekki væri ástæða fyrir Mennta- og skólaþjónustustofu til að gera mat á áhrifum persónuvernd og er orðalag frumvarpsins að þessu leyti óheppilegt.

Í umsögninni gerir Persónuvernd jafnframt athugasemdir við vinnsluheimildir frumvarpsins og skilyrði til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Vegna þessarar umfjöllunar tekur mennta- og barnamálaráðuneytið fram að við undirbúning frumvarpa og lögskýringargagna reynir ráðuneytið að ná fram því jafnvægi að lagatexti sé nógu ítarlegur en á sama tíma skýr og nái örugglega utan um öll þau tilvik sem honum er ætlað að ná til. Athugasemdir Persónuverndar lúta að því að skýra hefði mátt betur nánar tilgreinda þætti. Hér á eftir fara viðbrögð ráðuneytisins við einstökum atriðum:

- Persónuvernd gerir athugasemdir við ákvæði 6. gr. frumvarpsins um vinnsluheimildir. Í umsögninni er vísað til þess að öll vinnsla persónuupplýsinga skuli fara fram í samræmi við meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga. Ráðuneytið leggur áherslu á að skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 er þetta skýrt og ekkert í frumvarpinu sem dregur úr vægi þessarar reglu þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga hjá Mennta- og skólaþjónustustofu.
- Í umsögninni fjallar Persónuvernd sérstaklega um vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast námsmati. Þar kemur fram sú niðurstaða Persónuverndar að ekki sé ljóst hvernig námsmati í grunnskóla á vegum Mennta- og skólaþjónustustofu verði háttað. Í umsögninni kemur jafnframt fram að „í frumvarpinu eru ekki frekari ákvæði um framkvæmd námsmats“. Af þessu verður ekki annað ráðið en að við undirbúning umsagnarinnar hafi ekki verið litið til 1. mgr. 39. gr. laga um grunnskóla, þar sem segir að ráðuneytið standi fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, og 4. mgr. sömu greinar þar sem fjallað er um gerð og framkvæmd þessa námsmats, sem lagt er til að verði í höndum Mennta- og skólaþjónustustofu, sbr. c-lið 6. tölul. 10. gr.

frumvarpsins. Ráðuneytið leggur áherslu á að í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins kemur fram að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil að því marki sem hún er nauðsynleg til að sinna lögbundnu hlutverki Mennta- og skólaþjónustustofu, en í ákvæðinu er námsmat talið upp í dæmaskyni sem eitt af verkefnum stofnunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu og áður nefndum 4. mgr. 39. gr. laga um grunnskóla mun Mennta- og skólaþjónustustofa því geta framkvæmt samræmt námsmat í grunnskólum. Fær mennta- og barnamálaráðuneytið því ekki séð hvernig Persónuvernd getur komist að þeirri niðurstöðu að það sé óljóst í frumvarpinu hvort Mennta- og skólaþjónustustofu yrði heimil vinnsla persónuupplýsinga sem tengjast námsmati sem er skilgreint sem lögbundið verkefni stofnunarinnar. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 er ekki um að ræða ótakmarkaða heimild til að vinna hvaða persónuupplýsingar sem er, heldur eingöngu þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir verkefnið. Þó er rétt að áréttu að ekki er unnt að framkvæma samræmt námsmat nema með því að vinna að einhverju leyti með persónugreinanlegar upplýsingar, t.d. vegna fámennra sveitarfélaga og skóla.

- Í umsögninni kemur fram sú afstaða að 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins sé ekki nægilega skýr þegar kemur að heimild til að miðla upplýsingum. Umfjöllun um þetta atriði í umsögninni er knöpp en niðurstaða Persónuverndar er sú að skoða yrði lögmæti slíkra vinnsluáðgerða sjálfstætt hverju sinni. Ráðuneytið tekur undir þetta, þ.e. að alltaf þegar persónuupplýsingum er miðlað milli aðila þarf að liggja fyrir hvort slík vinnsla er lögmæt.
- Í umsögn Persónuverndar er vísað til þess að við miðlun persónuupplýsinga skv. 7. gr. frumvarpsins þurfi að fara fram í samræmi við 9. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Mennta- og barnamálaráðuneytið tekur undir þessa umfjöllun og telur að þau lagaákvæði, sem Persónuvernd vísar til um ábyrgðarskyldu ábyrgðaraðila við vinnslu persónuupplýsinga, séu skýr og að ekki sé ástæða til að fjalla sérstaklega um þessar reglur í frumvarpinu. Að mati ráðuneytisins er því ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við þessari athugasemd Persónuverndar.
- Í umsögn Persónuverndar er fjallað um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þar segir að frumvarpið fjalli að einhverju eða nokkru leyti um nauðsyn vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga en í umsögninni kemur fram sú afstaða Persónuverndar að þetta þurfi að vera skýrar. Niðurstaða Persónuverndar er sú að leggja þurfi atviksbundið mat á nauðsyn vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Með vísan til almennrar umfjöllunar hér að framan, um jafnvægi milli þess að ítarlega sé fjallað um einstök atriði í lögum og skýrleika lagatexta, telur ráðuneytið ekki ástæðu til frekari viðbragða við þessari athugasemd Persónuverndar.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mennta- og barnamálaráðuneytisins að ekki sé ástæða til frekari viðbragða við umsögn Persónuverndar um frumvarpið.

Samráð við haghafa

Í umsögn Kennarasambands Íslands er fjallað um mikilvægi þess að sýnilegt eignarhald á stofnuninni verði víðtækt og að raddir haghafa komi að henni með reglubundnum hætti. Þar er lagt til að í frumvarpið verði rituð ný grein sem tiltekur stýrihóp með aðkomu lykilaðila í íslensku skólasamfélagi til að styðja við nýja stofnun. Að nokkru leyti koma fram sambærileg sjónarmið í umsögn Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að teikna upp skýra mynd af því hvernig samráði og samstarfi á milli aðila í menntakerfinu öllu eigi að vera háttáð.

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur mikla áherslu á reglulegt samráð við lykilaðila í íslensku skólasamfélagi og telur að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sé dæmi um þann árangur sem hægt er að ná með góðu samtali og samvinnu milli þessara lykilaðila. Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að samtalið sé dýnamískt og að þar gefist svigrúm til að kalla til mismunandi aðila og hópa. Að mati ráðuneytisins fer betur á því að slíkt samráð fari fram á ólögfestum grundvelli.

Niðurlagning starfa

Í umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) er gerð athugasemd við ákvæði í frumvarpinu þar sem lagt er til að öll störf hjá Menntamálastofnun verði lögð niður og ný störf auglýst laus til umsóknna. Í umsögninni kemur fram sú afstaða, sem BHM hefur áður lýst fyrir ráðuneytinu í tengslum við samráð um áform um lagasetningu og frumvarpsdrög, að unnt sé að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu með vægari aðgerðum gagnvart starfsfólki, og lítur BHM í því sambandi til þeirrar leiðar að breyta hlutverki Menntamálastofnunar til samræmis við breyttar áherslur og/eða að bjóða starfsfólki Menntamálastofnunar forgang að störfum hjá nýrri stofnun og eftir atvikum hjá ráðuneytinu.

Af þessu tilefni áréttar mennta- og barnamálaráðuneytið það mat ráðuneytisins, sem kemur fram í kafla 3.9. í frumvarpinu, að þær miklu breytingar sem verða á verkefnum með tilkomu nýrrar stofnunar séu þess eðlis að ekki er unnt að fara vægari leið gagnvart starfsfólki Menntamálastofnunar en að leggja niður störf þeirra og auglýsa ný störf laus til umsóknna. Ráðuneytið leggur allt kapp á að þetta ferli verði eins lítið íþyngjandi gagnvart starfsfólki Menntamálastofnunar og unnt er. Verði frumvarpið að lögum verða ný störf auglýst laus til umsóknar um leið og lögin verða birt. Mikil áhersla verður lögð á að ljúka þeim ráðningarferlum sem fyrst til að tryggja fyrirsjáanleika fyrir starfsfólk Menntamálastofnunar um áframhaldandi störf.

Ábendingar mennta- og barnamálaráðuneytisins

Gildistaka

Í frumvarpinu er lagt til að ný stofnun taki til starfa 1. september nk., eða eftir tæpa þrjá mánuði. Þótt búið sé að vinna mikla undirbúningsvinnu fyrir nýja stofnun getur formlegur undirbúningur, þ.m.t. auglýsing nýrra starfa, ekki hafist fyrr en Alþingi hefur ákveðið að setja hina nýju stofnun á fót.

Við nánari skoðun telur mennta- og barnamálaráðuneytið að þessir tæpu þrjú mánuðir, sem lenda á almennum sumarorlofstíma, séu of knappur tími fyrir þennan undirbúning. Ráðuneytið telur því rétt að ný stofnun taki til starfa 1. nóvember nk. Með því væri líka komið að nokkru leyti til móts við starfsfólks Menntamálastofnunar sem hefði rýmri tíma til að aðlagast breytingunum. Óskar ráðuneytið eftir því að allsherjar- og menntamálanefnd taki tillit til þessarar ábendingar.

Nafnið Mennta- og skólaþjónustustofa

Eins og fulltrúar mennta- og barnamálaráðuneytisins hafa þegar komið á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur orðið vart við óánægju með nafnið Mennta- og skólaþjónustustofa, sem lagt er til í frumvarpinu að stofnunin fái.

Nafnið var valið úr tillögum gesta þjóðfundar um framtíð skólaþjónustu sem haldinn var þann 6. mars sl. Þar komu jafnframt fram nokkur önnur nöfn, t.d. nöfnin Menntastofa,

Menntasetur, Menntaskrín, Fræðslustofa, Miðstöð menntunar og þjónustu, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð menntamála og Auðna – þjónustu- og þekkingarmiðstöð menntamála.

Ráðuneytið fer þess á leit við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis að nefndin skoði vel hvort ástæða sé til að velja annað nafn á stofnunina en Mennta- og skólaþjónustustofa. Ef annað nafn finnst ekki telur ráðuneytið rétt að skoða þann möguleika að í bráðabirgðaákvæði verði lagt til mennta- og barnamálaráðuneyti að láta fara fram nafnasamkeppni og að nýtt nafn liggi fyrir þegar stofnunin verður sett á fót.

Umsögn um 956. mál: Mennta- og skólaþjónustustofa

Umsögn frá prófahóp Menntamálastofnunar

Sigurgrímur Skúlason, Auðun Valborgarson, Berglind Hansen, Guðbjörg Rut Þórisdóttir,
Guðrún Birna Einarsdóttir, Inga Úlfisdóttir, Katrín Ósk Þráinsdóttir, Skúli Pétursson
Öll starfsmenn menntamálastofnunar

Kópavogi, 10. júní 2023
Umsögn um mál 956, 2022-2023

Mennta- og barnamála ráðuneytið hefur ákveðið grundvallarstefnubreytingu á miðlægu námsmati með ákvörðun um að svokallaður matsferill taki við af samræmdum könnunarprófum eins og fram kemur í skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytis um framtíð samræmdra könnunarprófa og í þessu lagafrumvarpi. Þeir starfsmenn Menntamálastofnunar sem vinna að verkefnum tengdu námsmati telja mikilvægt að þessi stefnumótun endurspeglar í því að ákvæði grunnskólalaga um samræmd próf verði breytt samhliða öðrum lagabreytingum sem fylgja þessu frumvarpi. Ákvæði grunnskólalaga um samræmd könnunarpróf eru einsdæmi í evrópskum lögum að því leyti að þau tiltaka námsgreinar og aldur nemenda sem þreyta próf. Hjá öðrum Evrópuþjóðum er einungis sett stefnumótandi ákvæði í lög sem fylgt er eftir með reglugerð. Starfsfólk prófahóps Menntamálastofnunar leggur til að í stað núverandi ákvæðis um samræmd könnunarpróf í grunnskólalögum, grein 39, komi eftirfarandi:

"

39. gr. Samræmt námsmat.

Ráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum, leggur grunnskólum í því skyni til matstæki undir yfirheitinu matsferill, sem verði heildstætt safn matstækja í mörgum námsgreinum. Áhersla verði á vönduð, fjölbreytt, hnitmiðuð, rafræn próf, matstæki og verkefni. Almennt hafi skólar valfrelsi til að nýta sér þau. Menntamálaráðuneyti getur ákveðið með reglugerð að skólum beri skylda til að leggja fyrir tiltekin próf á ákveðnum tímabilum. Menntamálaráðuneyti felur Mennta- og skólaþjónustustofu að annast framkvæmd samræmds námsmats.

Mennta- og skólaþjónustustofa eða annar til þess bær aðili, sem ráðherra ákveður, hefur umsjón með gerð og framkvæmd matsferils samkvæmt grein þessari. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, matsferils og rannsókna í grunnskólum.

"

Tillögur að breyttu orðalagi 39. Greinar grunnskólalaga eru byggðar á orðalagi í skýrslu starfshóps Menntamálaráðuneytisins „*Framtíðarstefna um samræmd námsmat: Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*“ frá árinu 2020. Orðalagið er því byggt á stefnumótun Mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2023
Tilvísun: 2023040774/V5

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skóláþjónustustofu

1.

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 26 apríl 2023 um umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skóláþjónustustofu (þskj. 1492, 956. mál á 153. löggjafarþingi).

2.

Mat á áhrifum á persónuvernd

Í 6. gr. frumvarpsins eru ákvæði um vinnslu persónuupplýsinga. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð frumvarpsins segir að þar sem um sé að ræða sambærilega vinnslu persónuupplýsinga og hafi áður verið á hendi Menntamálastofnunar, með einhverjum aðlögunum þó, hafi ekki verið talin ástæða til að framkvæma mat á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 er það hluti af ábyrgðarskyldum ábyrgðaraðila, í þessu tilviki Mennta- og skóláþjónustustofu, að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd. Því er löggjafanum ekki skylt að framkvæma slíkt mat við undirbúning lagasetningar en þó getur verið æskilegt að framkvæma mat á því stigi, sér í lagi ef með lögunum er mælt fyrir um tiltekna vinnslu persónuupplýsinga. Þetta er háð mati löggjafans hverju sinni. Í því sambandi skal bent á að sé mat á áhrifum á persónuvernd framkvæmt við almennt áhrifamat í tengslum við lagasetningu er ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga í vissum tilvikum ekki skylt að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar, nema löggjafinn telji það nauðsynlegt, sbr. 10. mgr. reglugerðarákvæðisins. Ef skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt framangreindum ákvæðum og það er ekki gert við undirbúning lagasetningar þarf ábyrgðaraðili hins vegar að framkvæma matið áður en vinnslan hefst.

Írækari leiðbeiningar um hvenær skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd er að finna í auglýsingu nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. auglýsingarinnar skal m.a. ávallt framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd þegar um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga í því skyni að leggja mat á árangur, líðan eða velferð nemenda á öllum menntastigum og í því skyni að leggja með kerfisbundnum hætti mat á færni, hæfni, útkomu úr prófunum, andlega heilsu eða þroska. Samkvæmt 6. tölul. 2. gr. auglýsingarinnar er einnig líklegt að framkvæma þurfi mat á áhrifum á persónuvernd þegar til stendur að samkeyra skrár, sér í lagi ef unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eða upplýsingar viðkvæms eðlis, sbr. 4. tölul. sömu greinar.



3.

Vinnsluheimildir

Með vísan til 6. og 7. gr. frumvarpsins og athugasemda við 1. mgr. 6. gr. í greinargerð þess, áréttar Persónuvernd að heimildir til vinnslu persónuupplýsinga eru tæmandi taldar í 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Í ákvæðum sérlaga er hægt að setja grundvöll fyrir vinnsluheimild, t.d. skv. 3. og 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. c- og e-liði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en þar er ekki hægt að lögfesta aðrar vinnsluheimildir en þær sem kveðið er á um í fyrrgreindum ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar.

Til þess að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf hún enn fremur að samrýmast öllum meginreglum um persónuvernd, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt þeim skulu persónuupplýsingar m.a. fengnar í skýrt tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki unnar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi og vera nægilegar, videigandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt miðað við tilgang vinnslunnar. Með ákvæðum sérlaga er ekki hægt að mæla fyrir um undantekningar frá meginreglunum umfram það sem kveðið er á um í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að Mennta- og skólaþjónustustofu sé heimil vinnsla persónuupplýsinga að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögbundnu hlutverki sínu, þ.m.t. vegna skólaþjónustu, námsmats, innritunar í framhaldsskóla og ráðgjafar í einstaklingsmálum. Með hliðsjón af því sem hér á undan greinir skal vinnsla persónuupplýsinga vegna námsmats tekin sem dæmi. Í frumvarpinu eru ekki frekari ákvæði um framkvæmd námsmats en í samráðskafla greinargerðar frumvarpsins segir að við ritun þess hafi komið fram ábending um mikilvægi þess að sérstaklega væri tilgreint að Mennta- og skólaþjónustustofa hefði heimildir til að vinna persónuupplýsingar í tengslum við námsmat. Í 3. kafla greinargerðarinnar, um meginefni frumvarpsins, segir svo að í verkefnum stofnunarinnar felist að hún byggji upp og haldi utan um námsmat í grunnskólum. Af ákvæðum frumvarpsins og umfjöllun í greinargerð þess er því ekki ljóst hvernig námsmat á vegum Mennta- og skólaþjónustustofu yrði framkvæmt, hvers vegna stofnuninni yrði nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar við að byggja upp og halda utan um námsmatid eða hvort ná mætti sama tilgangi á grundvelli ópersónugreinanlegra gagna. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er því óljóst hvort Mennta- og skólaþjónustustofu yrði heimil vinnsla persónuupplýsinga vegna námsmats á grundvelli persónuverndarlaga.

Í 3. mgr. 6. gr. er mælt fyrir um að heimilt sé að miðla persónuupplýsingum milli Mennta- og skólaþjónustustofu og stjórnvalda og annarra aðila á sviði fræðslu- og menntamála ef það samrýmist lögbundnu hlutverki beggja aðila, þ.m.t. með samkeyrslu skráa. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð frumvarpsins segir að umræddur hópur takmarkist, eðli málsins samkvæmt, af því að ekki er unnt að deila upplýsingum nema báðir aðilar hafi heimild til vinnslu þeirra. Í því sambandi eru fyrrgreind sjónarmið áréttuð. Þá telur Persónuvernd að tilgangur miðlunar sé hér ekki nægilega skýrt afmarkaður, sér í lagi með hliðsjón af því að sérstök áhætta fyrir réttindi skráðra einstaklinga getur falist í samkeyrslu skráa. Yrði samkvæmt því að skoða lögmæti hvernar slíkrar vinnsluáðgerðar sjálfstætt hverju sinni.

Í 7. gr. frumvarpsins eru ákvæði um miðlun upplýsinga til Mennta- og skólaþjónustustofu samkvæmt kröfu stofnunarinnar. Í ákvæðinu segir að stofnuninni sé heimilt að krefja tilgreinda aðila um upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð frumvarpsins segir að með ákvæðinu sé stofnuninni veitt heimild til að ákvarða forsendur og umfang upplýsingamiðlunar á grundvelli ákvæðisins. Í ákvæðinu felist að skylda er lögð á þessa aðila til að verða við beiðnum stofnunarinnar um tilgreindar upplýsingar innan ákvedðs tíma. Að því leyti sem hér getur verið um persónuupplýsingar að ræða verður að horfa til þess að ef tilgreindir aðilar, sem eru krafðir um gögn, teljast ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinganna, felst það í



ábyrgðarskyldum þeirra samkvæmt persónuverndarlöggjöfnni að meta hvort fullnægjandi heimild er fyrir miðluninni á grundvelli 9. gr. og, eftir atvikum, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. sambærileg ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/679. Eiga þá sömu sjónarmið við og fyrr hafa verið reifuð um að til þess að miðlun persónuupplýsinganna teljist heimil þarf hún einnig að samrýmast öllum meginreglum um persónuvernd. Kemur þá m.a. til skoðunar hvort tilgangur miðlunarinnar sé nægilega skýrt afmarkaður til þess að unnt sé að meta nauðsyn hennar, sem og hvaða persónuupplýsingar eru nægilegar og viðeigandi miðað við þann tilgang. Að mati Persónuverndar liggur það ekki skýrt fyrir af ákvæði 7. gr. frumvarpsins.

Loks skal það áréttað að í reglugerðarheimild skv. 4. mgr. 6. gr. frumvarpsins getur ekki falist heimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um almennar vinnsluheimildir, sem eru, sem fyrr greinir, tæmandi taldar í persónuverndarlöggjöfnni.

4.

Skilyrði vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er einnig tilefni til að áréttast að til þess að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf hún að styðjast við heimild skv. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, og uppfylla að auki eitt hvert af viðbótarskilyrðum 1. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. frumvarpsins geta þar af leiðandi ekki verið grundvöllur fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga nema þá og því aðeins að vinnslan uppfylli þau skilyrði persónuverndarlöggjafarinnar sem að framan greinir. Kemur í þessu tilviki helst til skoðunar 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. g-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sem kveður á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga geti verið heimil ef hún er nauðsynleg af ástæðum sem varða verulega almannahagsmuni og fer fram á grundvelli laga sem kveða á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða.

Að einhverju leyti er gerð grein fyrir nauðsyn vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og þeim almannahagsmunum sem vinnslan varðar í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins. Að mati Persónuverndar hefði sú umfjöllun þó mátt vera ítarlegri, sér í lagi hvað varðar þá almannahagsmuni sem þykja vera af vinnslunni. Hvað varðar skilyrðið um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til verndar réttindum og hagsmunum hins skráða er helst að líta til meginreglna um persónuvernd. Tilgangur vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga ætti því, sem dæmi, að vera skýr af lögunum og fyrir liggja mat á nauðsyn með hliðsjón af þeim tilgangi. Að mati Persónuverndar er almenn tilvísun til lögbundins hlutverks Mennta- og skólaþjónustustofu ekki fullnægjandi í því sambandi. Með svo almennum tilgangi er enda ekki hægt að meta nauðsyn vinnslu í hverju tilviki fyrir sig og þar af leiðandi hvort farið sé að meginreglunni um lágmörkun gagna. Sem fyrr segir er að einhverju leyti gerð grein fyrir þessum atriðum í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins en að mati Persónuverndar þarf að liggja skýrar fyrir í lagatexta í hvaða tilgangi heimilt eigi að vera að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar. Gera hefði mátt grein fyrir mati á almannahagsmunum og nauðsyn í athugasemdum greinargerðar. Til þess að skilyrðinu um viðeigandi og sértækar ráðstafanir sé fullnægt getur enn fremur verið tilefni til að kveða á um viðeigandi öryggisráðstafanir í lögunum sem og aðrar verndarráðstafanir í samræmi við meginreglur um persónuvernd.

Að því leyti sem 7. gr. frumvarpsins er ætlað að taka til viðkvæmra persónuupplýsinga vísast til umfjöllunar í 4. kafla þessarar umsagnar og þess sem hér að framan greinir um 6. gr. frumvarpsins. Hvorki í ákvæði 7. gr. né í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er leitast við að gera grein fyrir skýrt afmörkuðum tilgangi miðlunar persónuupplýsinga eða færð rök fyrir þeim almannahagsmunum sem búa að baki eða nauðsyn vinnslunnar. Af því leiðir að leggja yrdi atvikabundið mat á þessa þætti.



5.

Vinnsla upplýsinga um refsiverða háttsemi

Ekki eru jafnstrangar kröfur gerðar til meðferðar upplýsinga um refsiverða háttsemi eins og gerðar eru varðandi viðkvæmar persónuupplýsingar. Við miðlun þeirra þarf þó að huga að því að eitthvert skilyrði 2. mgr. 12. gr. laga nr. 90/2018 eigi við. Til þess að þau geti átt við þarf tilgangur miðlunarinnar að vera skýrt afmarkaður. Það kann að vera nauðsynlegt að mæla fyrir um þann tilgang í lögum en skilyrði 2. mgr. 12. gr. bera einnig með sér að nægilegt geti verið að slíkan tilgang megi leiða af lögum. Í því sambandi geta skýringar í greinargerð frumvarps eftir atvikum verið ákvæðum laga til fyllingar og til leiðbeiningar fyrir þá sem bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna.

6.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins en með vísan til framangreinds leggur Persónuvernd til að ákvæði 6. og, eftir atvikum, 7. gr. verði endurskoðuð sem og skýringar í athugasemdum við ákvæðin í greinargerð frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Bjarni Freyr Rúnarsson


Harpa Halldórsdóttir



Reykjavíkurborg

Alþingi
Nefndasvið

Reykjavík, 9. maí 2023
SFS23040111

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 1492 — 956. mál.

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu er send var Reykjavíkurborg til umsagnar þann 26. apríl 2023.

Reykjavíkurborg áréttar fyrri umsögn sína um drög að frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála, dags. 10. mars 2023, til mennta- og barnamálaráðuneytisins en ekki hefur að öllu leyti verið tekið tillit til ábendinganna.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

f.h. Reykjavíkurborgar,

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 10. mars 2023



Reykjavík, 10. mars 2023

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Vísað er til tilkynningar á vef mennta- og barnamálaráðuneytis frá 24. febrúar sl. þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 38/2023, „Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála“.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) fagnar því að frumvarp um nýja opinbera stofnun sé að verða til sem ætlað er að styðja við fagmennsku í skóla- og frístundastarfi á heildrænan hátt og bindur miklar vonir við tilurð nýrrar stofnunar hvað varðar samhæfingu og stuðning við skóla- og frístundastarf í landinu. Lýsir sviðið yfir vilja til samstarfs á hverjum þeim vettvangi sem óskað er eftir á þróunartíma hennar fyrstu árin.

Í greinargerð með frumvarpi um nýja stofnun er dregið fram margt af því sem áhyggjur hafa verið af á undanförunum árum, s.s. útgáfa námsefnis, ytra mat skóla, fagleg umgjörð námsmats, stuðningur við starfsþróun og fleira.

Almennt

Mikilvægt er að í frumvarpinu sé fjallað um skóla- og frístundastarf/þjónustu þar sem samþætting starfsemi fyrir börn og unglinga er órofa heild varðandi farsæld barna. Hér og eftirleiðis ætti því að vísa til skóla- og frístundaþjónustu en ekki einungis skólalþjónustu.

SFS fagnar því að stofnuninni sé ætlað að styðja við skólustarf á öllum skólastigum ekki síst leikskólastigið sem þarf stóruáskotun til að ná því markmiði að sinna menntun og farsæld á fyrsta skólastiginu. Þá er mjög jákvætt að sjá að stofnuninni er ætlað að styðja og efla frístundastarf um land allt í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis. Sett ákvæði nýrra laga um stofnunina þurfa að endurspeglar þessa áherslu með skýrum hætti.

Athugasemdir við einstök ákvæði

2. grein. Markmið

Markmiðagreinarnar snúa mjög að börnum. Gerð er athugasemd um að ekki sé fjallað um t.d. að standa að baki skólum þannig að þeir geti framkvæmt skólustarf í samræmi við aðalnámskrá. Þarna er orðið námskrá aðalatriði.

Vísað er til 4. tölul. þar sem orðalagið *styðja við notkun viðurkenndra áferða* er notað. Mælt er með að nota skýrara orðalag þannig að merkingin sé ljós. Ef ný stofnun er faglegt forystuafli þá byggir hún á rannsóknum og því mætti hér bæta við árangur og þá með vísan í farsældarhringinn (SHANNARI), árangur í námi og félagslegan árangur: **Árangur** – að njóta stuðnings og leiðsagnar í námi til að öðlast nauðsynlega hæfni, sjálfstraust og trú á eigin getu, hvort sem er heima, í skólanum eða í samfélaginu.

4. grein Samvinna og samráð

Að mati SFS er ekki fullnægjandi að í 2. málsli. 1. mgr. sé einungis mælt fyrir um samráð við sveitarfélög, heldur sé rétt að tilgreina þar bæði samstarf og samráð Sveitarfélög reka skólaþjónustu grunnskóla og af því leiðir þarf að fara fram bæði samráð og samstarf.

Hér þarf að teikna upp skýra mynd af því hvernig samráði og samstarfi á milli aðila í menntakerfinu öllu er háttað. Inn í þá mynd þarf að teikna aðkomu háskóla og rannsakenda, samstarf við samband sveitarfélaga og fræðsluskrifstofur/skólaþjónustu í einstaka sveitarfélögum. Slík mynd þarf að sýna mjög skýrt hvernig þekking sem verður til innan ólíkra eininga í menntakerfinu hríslast bæði neðan frá og upp í gegnum öll lögin og frá háskólum til vettvangs með samvirkni og skilgreindu samráði. Inn í þetta spilar síðan menntun kennara og tómsundafræðinga en með þétu samstarfi, samvirkni og samráði milli allra eininganna innan og milli sveitarfélaga og ríkis yrði leitast við að samræma að hluta starfsþróun og menntun nýrra kennara og tómsundafræðinga.

Í tengslum við 2. mgr. skal bent á að það vantar að kveðið sé á um samstarf við hagsmunasamtök foreldra og samtökin Móðurmál.

5. grein Verkefni

Samkvæmt 3. tölul. 5. gr. er verkefni stofnunarinnar að styðja, samhæfa og eftir atvikum framkvæma skólaþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.“ 3. tölul. þykir ekki nægjanlega skýr um hvert skuli vera hlutverk annars vegar hinnar nýju stofnunar og hins vegar sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að slíkur skýrleiki sé til staðar. Hér mætti til að mynda kveða á um að sveitarfélögin eða landshlutasamtök sveitarfélaga sæju um framkvæmdina en hlutverk stofnunarinnar sé að styðja og samhæfa. Orðalagið „og eftir atvikum framkvæma“ ætti því að fara út.

Samkvæmt 11. tölul. 5. gr. er verkefni stofnunarinnar að stunda rannsóknir á sviði menntunar, skólastarfs og skólaþjónustu eftir því sem unnt er. Í athugasemdum frumvarpsins við ákvæði 5. gr. er þessi liður ekki skýrður frekar. Hvað varðar kannanir og rannsóknir sem beinast að börnum hlýtur það að vera forsenda að þær hafi skýran tilgang og markmið og gæði þeirra séu fullnægjandi þannig að réttlæt看legt sé að þær fari fram. Mikilvægt er að lögin mæli fyrir um ákveðnar kröfur og skilyrði í því sambandi. Þá þarf að tryggja að niðurstöðum rannsókna stofnunarinnar sé miðlað til sveitarfélaganna svo nýta megi þær til umbóta.

Með vísan til 9. tölul. er því velt upp hvort betur færi á því að bæta umfjöllun um starfsþróun undir 2. og 3. tölul.

Til viðbótar framangreindu er sérstaklega bent á mikilvægi þess að bæta tveimur verkefnum við sem láðst hefur að nefna í listanum.

Í fyrsta lagi vantar upp á að sérstaklega sé fjallað um stafræna starfs- og kennsluhætti og vísast í þessu sambandi einnig til liðar 4. í 10. gr. frumvarpsins þar sem lögð er til breyting á lögum um námsögn nr. 71/2007. Hin nýja stofnun á að bera ábyrgð á að tryggja að skólum standi til boða að nýta sér traust stafræn náms- og kennslugögn sem uppfylla skilyrði laga um persónuupplýsingar og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þar með talið um öryggi gagna, mat á áhrifum persónuverndar o.s.frv. Í því felst að stofnunin taki að sér val á slíkum lausnum eða gögnum sem skólar og sveitarfélög geta valið úr.

Í öðru lagi vantar upp á að tilgreind séu verkefni um starfshætti sem styðja við nám barna af erlendum uppruna á öllum skólastigum og stuðning við kennsluhætti sem snúa að námi og kennslu í fjölmenningslegum nemendahópum. Þar þarf sérstaklega að huga að eftirfarandi áherslum sem byggja á grunni stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn og breytingum sem þegar hafa verið gerðar á aðalnámskrá leik- og grunnskóla:

- Fjölmeningarlegir og inngildandi starfs og kennsluhættir með virkri þátttöku allra barna og fullorðinna í skólasamfélaginu. Þar verði lögð áhersla á fræðslu, starfsþróun og stuðningsefni fyrir allt starfsfólk og stjórnendur um menningarnæmi, viðhorf, fordóma, samskipti og rasisma.
- Byggð verði upp þekking á því að styðja við starfsfólk skóla- og frístundastarfs af erlendum uppruna Þar verði einnig horft til þátttöku starfsfólks af erlendum uppruna og stutt við hæfni þeirra og starfsþróun, íslenskukunnáttu og þekkingu á samfélagi, uppeldi og menntun í íslensku samfélagi.
- Námsgögn endurspegli fjölbreytileika mannlífs og námsefni sem sérstaklega er ætlað fjöltyngdum börnum verði aðlagð fjölbreyttri tungumálakunnáttu í íslensku.
- Byggður verði upp stuðningur við skóla- og frístundastarf þegar kemur að vinnu með íslensku sem annað mál. Þar verði hugað sérstaklega að leikskólastiginu og gildi samskipta og eflandi málumhverfis með þátttöku allra fullorðinna en góður málþroski leggur grunn að bernskulæsi og lestrarkunnáttu. Sérstök áhersla þarf að vera á stuðning við faggreinakennara um eflingu skólaorðaforða í einstökum faggreinum.
- Stutt verði við fjöltyngda starfs- og kennsluhætti samanber áherslur í leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi.
- Byggð verði upp þekking á stuðning og samstarfi við fjöltyngda foreldra, útbúið fræðsluefni og veitt starfsþróun til starfsfólks og kennara um menningarnæmi í samskiptum við fjöltyngda foreldra með áherslu menningu, mál og læsi.

7. gr. upplýsingar

Vísað er til 7. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um heimild hinnar nýju stofnunar til að krefja skóla og rekstraraðila þeirra um upplýsingar og gögn sem stofnunin telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu á því formi sem óskað er og innan tiltekinna tímamarka.

Lýst er yfir áhyggjum af því að hægt sé að krefjast upplýsinga á hvaða formi sem er án þess að samhliða séu tryggðir möguleikar sveitarfélaga á því að uppfylla þær skyldur. Hér er rétt að taka fram að möguleikar sveitarfélaga á að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðinu ráðast af þeim gagnagrunnum sem eru til staðar hveirju sinni og eru mismunandi eftir sveitarfélögum. Í ákveðnum tilvikum getur það því krafist óhemju mikillar vinnu eða jafnvel verið ógerningur að svara ákveðnum upplýsingabeidnum. Vegna þess munar sem er á gagnagrunnum sveitarfélaga getur samanburður milli þeirra jafnframt verið vandkvæðum bundinn.

Æskilegt væri að hinni nýju stofnun yrði falið að leggja grunn að útbúinn yrði miðlægur grunnur um börn á leik og grunnskólaaldri með lögheimili á landinu og sérhvert sveitarfélag hefði aðgang að upplýsingum um börn með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Með því væri ekki einungis greitt fyrir möguleikum sveitarfélaganna á að skila sambærilegum gögnum til hinnar nýju stofnunar, heldur einnig möguleikum þeirra á að rækja önnur lögbundin hlutverk, svo sem að tryggja og hafa eftirlit skólavist samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, bjóða vistun á frístundaheimili samkvæmt sömu lögum, tryggja leikskólavist samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, og tryggja að greiðslur vegna barna fari fram eins og gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og samningum milli sveitarfélaga þegar börn sækja þjónustu utan þess sveitarfélags sem þau eiga lögheimili í. Hvað varðar eftirlit með skólaskyldu skal tekið fram að í reynd fer mikil vinna í það að reyna að nálgast upplýsingar um börn sem eru með skráð lögheimili í sveitarfélaginu en skila sér ekki í grunnskóla þar. Hefur þá þurft að leita að upplýsingum um börnin um allt land sem og utan landssteinanna. Með framangreindri tillögu yrði staða sveitarfélaganna jafnframt styrkt hvað varðar notkun á rafrænum upplýsingakerfum og námsumsjónarkerfum.

6. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

Í 3. mgr. 6. gr. er lögð til heimild stofnunarinnar til að miðla persónuupplýsingum milli stofnunarinnar og stjórnvalda og annarra aðila á sviði fræðslu og menntamála ef það samrýmist

lögbundnu hlutverki beggja aðila, þar með talið með samkeyrslu skráa. Mikilvægt er að innan skilgreiningarinnar um aðra aðila á sviði fræðslu og menntamála falli sveitarfélög.

Vegna viðtæks lögbundins hlutverks sveitarfélaga við m.a. rekstur leikskóla, grunnskóla, og frístundaheimila, þ.m.t. skyldu þeirra til að viðhafa mat og eftirlit er mikilvægt að heimild sveitarfélaga til að nálgast viðeigandi upplýsingar hjá hinni nýju stofnun og ráðuneyti sé hafin yfir vafa. Einnig þarf að vera skýrt hvort sveitarfélög geti aflað gagna um sína starfsstaði frá hinni nýju stofnun og ráðuneyti. Með því væri komið í veg fyrir umfangsmikla vinnu og margverknad bæði starfsstaða og stofnana.

Þá er einnig mikilvægt að í lögum séu tryggð skilyrði fyrir því að unnt sé að leggja mat á allskyns breytur og þætti sem varða velferð barna, þ.m.t. með samkeyrslu. Á meðal upplýsinga sem eru nauðsynlegar í þessu sambandi eru til dæmis aðgangur að því námsmati sem stofnunin safnar miðlægt og upplýsingar um afdrif barnanna sem frá þeirra skólum koma. Mikilvægt er að átta sig á því hvort þau skila sér í framhaldsnám og hvort börnin eru að ná að ljúka náminu sem og töluleg gögn sem varða upplýsingar um tungumál barna og hvers konar þjónustu þau börn eru að fá og afdrif þeirra í framhaldsnámi.


Fái stofnunin heimildir má gera ráð fyrir að stofnunin geti unnið að sambærilegum upplýsingum og í kringum vinnuna við “Learning opportunity index” fyrir hönd sveitarfélaganna.

Ytra mat

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að mennta- og barnamálaráðuneyti taki við ytra mati með skólum, eins og upphaflega hafi verið gert ráð fyrir þegar lagaákvæði um ytra mat voru sett í skólalöggjöfina. Í þessu sambandi leggur Reykjavíkurborg áherslu á að í lögum þessum sem og öðrum lögum þar sem mælt er fyrir um ytra mat sé skýrlega kveðið á um þessi hlutverk. Ef ráðuneytið á alfarið að taka við ytra mati þarf að skerpa á þeirri áherslu. Einnig þarf að vera skýrt hver sér um innra mat og eftirfylgni umbótaáætlana. Fram til þessa hefur Reykjavíkurborg sjálf sé um ytra og innra mat skóla en skóla- og frístundasvið telur mikilvægt að skóla í Reykjavík sitji við sama borð og aðrir skólar landsins þegar kemur að ytra mati á skólastarfi og faglegum stuðningi við innra mat í kjölfar ytra mats og gerð umbótaáætlana. Ef matið verður alfarið fært til ráðuneytis er mikilvægt að Reykjavíkurborg sitji við sama borð og önnur sveitarfélög í landinu varðandi ytra mat á á starfi leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Lagafyrirmæli um ytra mat þurfa að tryggja að matið taki til viðeigandi þátta og sé framkvæmt með fullnægjandi hætti þannig að megináherslum í menntun og menntastefnunni sé mætt. Leiðarljósið sé ætíð að byggja á gögnum og í kjölfarið gera umbætur í skóla- og frístundastarfi til að tryggja að sérhvert barn blómstri.

F.h. Reykjavíkurborgar,



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2023

2305011SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót ný stofnun sem verði þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfi í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála um land allt í samræmi við lög, stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Samhliða verði Menntamálastofnun lögð niður. Stofnuninni er m.a. ætlað að styðja og efla skólastarf, vera leiðandi þegar kemur að skólaþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, sjá skólum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum og styðja innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar.

Afstaða sambandsins

Í stefnumótun sambandsins fyrir árin 2022 – 2026 segir m.a.:

“Sambandið aðstoði sveitarfélögin við innleiðingu farsældarlaganna og vinni að því að nægilegt fjármagn frá ríkinu fylgi verkefninu til framtíðar.”

“Sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig skv. aðgerðaáætlunum menntastefnu, byggðaáætlunar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.”

“Sambandið vinni markvisst að því í samstarfi við ríkið að fjölga í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna að stuðningi við börn, tryggja úrræði fyrir öll börn sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu.”

Þau markmið sem stefnt er að með því að koma á fót nýrri stofnun ríma vel við stefnu sambandsins. Sambandið hafði strax við stofnun Menntamálastofnunar árið 2015 áhyggjur af því að því að lagarammi um stofnunina gerði það að verkum að þjónustuhlutverkið, sem kallað hafði verið eftir, yrði ekki í forgrunni heldur myndi formlegt stjórnsýsluhlutverk verða ráðandi. Sú reyndist raunin og því miður hefur stofnunin ekki náð að sinna því stefnumótunar-, stuðnings- og þjónustuhlutverki við

skólakerfið sem væntingar voru uppi um við stofnun hennar. Sambandið er því fylgjandi tilkomu nýrrar stofnunar og telur að fyrirbyggjandi frumvarp nái ágætlega utan um yfirlýst markmið. Sambandið vill þó koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

1. Hlutverk stofnunarinnar við að framkvæma skólaþjónustu

Samkvæmt c. lið 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins eru verkefni stofnunarinnar m.a. að styðja, samhæfa og eftir atvikum framkvæma skólaþjónustu í leik-, grunn- og framhaldsskólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis. Að mati sambandsins er óljóst hvað átt sé við með því að stofnuninni sé ætlað að „framkvæma“ skólaþjónustu. Í skýringum með ákvæðinu er vísað til þess að orðin „eftir atvikum“ lýsi því að skólaþjónusta sé samkvæmt gildandi lögum ekki lögbundið verkefni Mennta- og skólaþjónustustofu heldur alfarið á ábyrgð sveitarfélaganna. Í samræmi við stefnumótun varðandi skólaþjónustu sé þó talið rétt að í frumvarpinu verði opnað á möguleika þess að Mennta- og skólaþjónustustofa geti tekið að sér framkvæmd skólaþjónustu. Í því sambandi er m.a. vísað til áforma um skólaþjónustu þvert á skólastig sem nær til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sambandið gerir sér grein fyrir að erfitt er að fullmóta hugmyndir um verkefni stofnunarinnar á sviði skólaþjónustu á meðan vinna við mótun þjónustunnar er í gangi. Hins vegar telur sambandið mikilvægt að áréttta í þessu samhengi að skólaþjónusta er lögbundið hlutverk sveitarfélaga og hafa þau því mikið sjálfðæmi um hvernig sú þjónusta fer fram. Ef nýrri stofnun er ætlað að grípa inn í það lögbundna hlutverk með einhverjum hætti verða að liggja fyrir einhver viðmið um það hvenær þess telst þörf. Sambandið væntir þess því að þetta hlutverk skýrist í áframhaldandi vinnu við mótun heildstæðrar skólaþjónustu.

2. Hlutverk stofnunarinnar varðandi frístundastarf

Að mati sambandsins er nokkuð óljóst að hversu víðtækt hlutverk stofnunarinnar er varðandi frístundastarf. Í b. lið 1. mgr. 5. gr. er tiltekið að verkefni stofnunarinnar sé m.a. að styðja og efla frístundastarf en í skýringum með ákvæðinu er vísað til 33. gr. a í grunnskólalögum nr. 91/2008 en sú grein fjallar um frístundaheimili. Í 33. gr. sömu laga er fjallað um tómstunda- og félagsstarf og að í öllum grunnskólum skuli nemendum gefinn kostur á að taka þátt í slíku starfi sem getur bæði verið liður í daglegu starfi skóla eða átt sér stað utan venjulegs skólatíma. Mikilvægt er að mati sambandsins að skýrt sé hvort að stuðningur stofnunarinnar nái eingöngu til starfsemi frístundaheimila fyrir börn í 1. - 4. bekk grunnskóla eða hvort að um sé að ræða víðtækari stuðning við almennt tómstunda- og félagsstarf.

3. Verkaskipting stofnana

Eins og fram kemur í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins skal við framkvæmd verkefna stofnunarinnar lögð áhersla á að þjónusta skóla og skólaþjónustu, starfsfólk skóla, foreldra, börn og ungmenni. Það er því gert ráð fyrir að stofnunin geti verið til

ráðgjafar í einstaklingsmálum. Sambandið er fylgjandi þeirri nálgun en óneitanlega vakna upp spurningar um verkaskiptingu milli nýju stofnunarinnar og annarra stofnanna sem einnig sinna ráðgjöf í einstaklingsmálum s.s. Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) og Ráðgjafar- og greiningarstöðvar (R&G). Í þessu sambandi mætti taka undir hugmyndir sem birtast í drögum að þingályktun um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027. Þar er lagt til að fundið verði sameiginlegt húsnæði fyrir þessar þrjár stofnanir til þess að auka samlegðaráhrif í anda farsældarlaga. Þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir því að eftirlits- og matshlutverk nýrrar stofnunar verði fært frá henni mætti jafnframt sjá fyrir sér að verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála næðu jafnframt til fræðslumála og til yrði Gæða- og eftirlitsstofnun fræðslu- og velferðarmála í anda sömu laga. Vera má að það sé of róttæk aðgerð í þessari atrennu og leggur sambandið meiri áherslu á að samstaða náist um heildstæða skólaþjónustu. Í öllu falli þurfa hlutverk þessara stofnana að vera alveg skýr þannig að ekki verði um hringlandahátt eða tvíverknað að ræða þegar kemur að einstökum verkefnum.

4. Nýting stafrænna lausna í skólastarfi

Nýting stafrænna lausna í skólastarfi hefur þróast hratt undanfarin ár. Með nýtingu slíkar tækni vakna oft spurningar um persónuvernd enda nauðsynlegt að kennsluhugbúnaður fari í gegnum áhættumat m.t.t. persónuverndar. Fjölmargar lausnir eru í boði og ógjörningur fyrir einstök sveitarfélög, hvert og eitt, að meta hverja einustu lausn. Sveitarfélögin hafa því sum hver farið í sameiginlegt mat á kennsluhugbúnaði til að nýta samlegðaráhrif af slíkri vinnu. Sambandið telur hins vegar að það færi vel á því að hin nýja stofnun hefði hlutverk við að áhættumeta kennsluhugbúnað enda fellur það undir hlutverk stofnunarinnar um að efla skólaþróun, útgáfu námsgagna og að styðja við skólastarf um allt land. Sambandið hefur því óskað eftir því að stofnuninni verði falið hlutverki í þessum efnunum eða allavega verði ekki útilokað að hún geti tekið slík verkefni að sér. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að gert sé ráð fyrir frekari endurskoðun á fyrirkomulagi við útgáfu námsganga og að þessi ósk sambandsins verði höfð til hliðsjónar við þá endurskoðun.

Að lokum

Eins og fram hefur komið styður sambandið fyrirhugaðar breytingar, bæði hvað varðar fyrirliggjandi frumvarp sem og þá vinnu sem í gangi er varðandi heildstæða skólaþjónustu. Að mati sambandsins er mikilvægt að tengja saman innleiðingu farsældarlaganna, lögfestingu nýrrar stofnunar og útfærslu á heildstæðri skólaþjónustu til að koma í veg fyrir óskýrleika og tvíverknað. Samhliða þessum breytingum þarf einnig að vinna markvisst að því að skýra ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að þjónustu við börn, fjölga í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna að stuðningi við börn, tryggja úrræði fyrir öll börn sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu. Að öðrum kosti mun markmið fyrirhugaðra breytinga ekki ná fram að ganga.

Það eru miklar væntingar um að framangreind verkefni skili sér í bættri þjónustu við börn en til þess að svo megi verða verður að horfa heildstætt á verkefnið og tryggja því nauðsynlegar bjargir. Ljóst er að allar þessar breytingar kalla á stuðning fjárveitingarvaldsins og væntir sambandið þess að áherslur um það komi skýrt fram í næstu fjármálaáætlun sem og fjárlögum næstu ára.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2023

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um frumvarp til laga um mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál 154. löggjafarþing, 2022-2023

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök menntatæknifyrirtækja (IEI), hér eftir „samtökin“, hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um mennta- og skólaþjónustustofu. Samtökin fagna því að endurskoðun standi yfir um þetta mikilvæga málefni. Fyrir þá sem ekki þekkja, voru Samtök menntatæknifyrirtækja eða Iceland Edtech Industry, IEI, stofnuð undir hattí SI í nóvember 2022. Markmið samtakanna er að stuðla að farsælli innleiðingu á menntatækni inn í íslenskt skólakerfi, nemendum, kennurum, atvinnulífi og þannig samfélaginu öllu til heilla. Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum og athugasemdum um frumvarpið, sér í lagi hvað varðar námsgagnagerð og aukna innleiðingu tækni í skólastarf. Þá vilja samtökin koma til leiðar upplýsingum um menntatækniöðnað og áhrif af innleiðingu menntatækni.

II. Aukin þörf á sérhæfðum mannauði og auknu tæknilæsi

Mikill vöxtur hefur verið í iðnaði síðustu árin en í nýlegri könnun á vegum SI svöruðu 50% þátttakenda, félagsmanna SI, því játandi að skortur á mannauði myndi líklega hefta vöxt síns fyrirtækis lítið til næstu fimm ára. Skortur á mannauði nær þvert yfir greinar iðnaðar, framleiðsluiðnað, mannvirkjaiðnað og hugverkaiðnað.

Þá hafa SI sérstaklega greint mannaflapörf í hugverkaiðnaði og áætlað að á næstu fimm árum þurfi allt að 9000 sérfræðinga til starfa í hugverkaiðnaði eigi vaxtaáætlanir að ná fram að ganga. Hugverkaiðnaður hefur vaxið mikið undanfarin ár en nú starfa tæplega 18 þúsund manns í greininni samanborið við um 16 þúsund á sama tíma fyrir 2 árum. Á síðasta ári námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 239 milljörðum samanborið við 127 milljarða árið 2017. Á sama tíma hefur samkeppni um hæft starfsfólk í heiminum aukist. Margir þættir spila þar inn í, aukinn hreyfanleiki starfsfólks og aukin þörf á sérhæfingu eftir því sem tækninni fleygir fram. Íslenskt menntakerfi hefur ekki náð að svara kalli atvinnulífsins en skortur er á fólki með menntun í iðn- og STEAM-greinum.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að fimmta iðnbyltingin stendur nú yfir, með tilkomu gervigreindar. Því skiptir sköpum að íslensk stjórnvöld setji framsýna stefnu þegar kemur að innleiðingu tækni í skólastarf, efla þarf tæknilæsi íslenskra ungmenna og tryggja hæfni þeirra til þess að sinna störfum í heimi þar sem tæknin leikur lykilhlutverk. Samtökin lýsa yfir vonbrigðum varðandi frumvarpið að þessu leyti og telja það ekki í samræmi við þau samtöl og það samráð sem hafa átt sér stað við vinnslu þess. Orðið „tækni“ kemur til dæmis aðeins einu sinni fram í frumvarpinu sem hlýtur að teljast einkennilegt í ljósi þeirra miklu tækniframfara sem hafa orðið síðan Menntamálastofnun og því fyrirkomulagi sem uppi hefur verið í námsgagnagerð og skólaþjónustu var komið á fót.

III. Menntatækniíðnaður, staða og ávinningur

Menntatækniíðnaður á alþjóðavísu er rótgróinn íðnaður sem á sér áratuga sögu. Stærð menntatæknimarkaðarins á heimsvísu var 16.000 milljarðar íslenskra króna árið 2022¹ og er árlegur vöxtur íðnaðarins í dag um 16%. Því er spáð að stærð markaðarins verði um 55.000 milljarðar íslenskra króna árið 2025.² Ósótt tækifæri eru því í þessum íðnaði fyrir íslenskt samfélag en menntatækniíðnaður hérlendis hefur sögulega verið mjög lítil. Þá eru mikil tækifæri fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki í menntatækni, sprotafyrirtæki jafnt og vaxtarfyrirtæki, þar sem fjárfestingar í menntatækni hafa aukist mjög í Evrópu á liðnum árum og notkun á menntatæknilausnum fer vaxandi í skólum.

Uppbygging menntatækniíðnaðar hérlendis getur haft mikinn hagrænan ábata fyrir íslenskt samfélag, í beinum ábata í formi meiri og fjölbreyttari útflutningstekna og ávinningi sem skiptir í raun meira máli í þessu samhengi; betri námsárangri og aukinni færni nemenda. Áhersla á íslenska menntatækni getur bætt árangur íslenskra nemenda og aukið gildi íslenskunnar. Þá hefur verið sýnt fram á að nýting menntatækni í stærðfræði stóreykur áhuga og hæfni nemenda.

Árangur íslenskra barna í grunngreinum menntakerfisins hefur fallið í alþjóðlegum samanburði síðastliðin ár, en á síðustu tveimur áratugum hefur nemendum sem ekki gátu lesið sér til gagns eða sýnt fram á hæfilega náttúru- og stærðfræðikunnáttu við lok grunnskólagöngu sinnar fjölgað úr 15% í 26%. Niðurstöður rannsókna sýna að liðan ungmenna hafa einnig versnað á sama tíma. Augljóst er að skólakerfið glímir við fjölþættan vanda er kemur að því að tryggja að út úr skólakerfinu komi heilbrigður og fær mannauður sem hefur burði til að halda uppbyggingu og vexti íslensks hagkerfis við. Fjölþættur vandi krefst fjölbreyttra lausna og því er brýnt að sem flestir, opinberir jafnt sem einkaaðilar, kennarar, rannsakendur, háskólastofnanir, nýsköpunar- og tækniyrirtæki, komi að borði. Að tryggja aðgengi kennara og nemenda að fjölbreyttu stafrænu, vottuðu íslensku námsefni með sambærilegum hætti og gert er á hinum Norðurlöndunum er fyrst og fremst þjóðhagslegt framfaraskref, nemendum og íslensku menntakerfi til hagsbóta.

Nemendur þeirra landa sem standa framarlega í menntatækni sýna betri námsárangur í alþjóðlegum samanburði. Öll þau lönd sem fjárfesta hve mest í menntatækniyrirtækjum³ eru yfir meðaltali á PISA könnunum⁴. Eistland sá tækifæri í þessu og hófu Eistar árið 1999 markvissa innleiðingu á aukinni nýtingu tækni og árið 2012 í skólastarfallt niður í yngsta stig grunnskólans. Árangur eistneskra nemenda í lestri, stærðfræði og vísindum hefur stóraukist á tímabilinu og hefur síðan þá verið í fimm hæstu sætum á heimsvísu og til dæmis skorað hæst af norrænum og baltneskum þjóðum í alþjóðlegum könnunum.⁵

¹ Education Technology Market Size. Grand View Research. <https://www.grandviewresearch.com/industry-analysis/education-technology-market>

² Global EdTech market to reach \$404B by 2025 - 16.3% CAGR. HolonIQ. https://www.holoniq.com/notes/global-education-technology-market-to-reach-404b-by-2025?fbclid=IwAR2HHk_OyuWkWnRzmKe85Y74hr3oT5wOgywI6cVfgE1rKeoy0t7C_wR1UpQ

³ Bright Eye Ventures. The European Edtech Funding Report 2022. <https://www.brighteyevc.com/post/the-european-edtech-funding-report-2022>

⁴ PISA 2018. Insights and interpretations. Andreas Schleicher. <https://www.oecd.org/pisa/PISA%202018%20Insights%20and%20Interpretations%20FINAL%20PDF.pdf>

⁵ PISA 2015. Results in focus. <https://www.oecd.org/pisa/pisa-2015-results-in-focus.pdf> & PISA 2012. & Key findings. <https://www.oecd.org/pisa/keyfindings/pisa-2012-results-overview.pdf>

IV. Athugasemdir við frumvarpið

Ein ástæða þess að ekki hafa verið forsendur fyrir menntatækniiðnað til að vaxa hérlendis með sama hætti og í þeim löndum sem við berum okkur saman við er einokunarstaða ríkisrekinnar stofnunar er kemur að námsefnisgerð. Það þarf því að grípa til markvissra aðgerða til að bæta starfsumhverfi menntatæknifyrirtækja ætli ríkið sér ekki að fara á mis við bæði hagræn og félagsleg tækifæri sem felast í uppbyggingu menntatækniiðnaðar hérlendis.

Af þessum ástæðum gera samtökin athugasemd við 5. gr. frumvarpsins sem tryggir í raun áframhaldandi ríkiseinokun á útgáfu námsefnis. Í 5. gr. frumvarpsins tölulið e. segir að verkefni Mennta- og skólaþjónustustofu verði að: „sjá skólum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum á margs konar formi og styðja við notkun þeirra í skólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.“

Markaðsbrestur vegna einokunar ríkisins á þessum markaði hefur komið í veg fyrir eðlilegan vöxt menntatækniiðnaðar hérlendis þar sem markaðsforsendur eru litlar sem engar. Árgangur fyrirtækja í eigin landi er ein af helstu forsendum fyrir vexti, bæði til að halda áfram þróun á framúrskarandi menntatæknitólum fyrir íslenskt skólakerfi og gefa bestu lausnunum færi á alþjóðlegum vexti sem skapar auknar útflutningstekjur.

Áframhaldandi ríkiseinokun á útgáfu á námsefni fyrir grunnskóla mun hafa áfram skaðleg áhrif á alla sjálfstæða lögaðila, hvort sem að það eru kennarar, útgefendur eða nýsköpunar- og tæknifyrirtæki sem starfa á sviði námsgagnagerðar. Ef við berum okkur saman við nágrannalönd erum við eftirbátar þegar kemur að fjölbreytni í námsgagnagerð. Ætli stjórnvöld sér að tryggja komandi kynslóðum þá framtíðarfærni sem nú þegar er orðið auðséð að vanti, teljum við nauðsynlegt að stjórnvöld taki stór skref í átt að nútímavæðingu náms og aukinni nýtingu á bestu tækni og vísindum sem völ er á hverju sinni inn í grunn- og framhaldsskólum.

Af frumvarpinu að dæma stefna stjórnvöld á að endurskoða þetta fyrirkomulag og fagna samtökin því en hvetja Alþingi eindregið til þess að kveða fastar að orði og nýta tækifærið sem umfjöllun frumvarpsins færir til þess að senda skýr skilaboð út í umhverfið.

SI minnir á að uppsöfnuð upplýsingalæsi og menntatækni innviðum landsins er mikil og skorar á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að vinna á uppsafnaðri þörf, eftir atvikum með samvinnu við einkamarkaðinn, á næstu árum samhliða nýjársfestingum.

Samtökin taka undir þá breytingartillögu sem lögð hefur verið fram við frumvarpið, nr. 1699, þar sem lagt er til að Mennta- og skólaþjónustustofa leiki lykilhlutverki við að kaupa námsgögn af einkamarkaði en þróa og gefa út námsgögn þar sem þeirra er raunverulega þörf. Þó þannig að breytingartillagan endurspegli hinn almenna bókaútgefanda sem og þá sem framleiða stafræn námsgögn.

V. Lokaorð


SI leggur áherslu á að litið til framtíðar sinni menntakerfið færniþörf iðnaðar og síbreytilegs samfélags. Samtökin hvetja til þess að menntatækni verði eflað og að upplýsingatækni verði nýtt í auknum mæli þvert á greinar.

Samtökin hvetja Alþingi til þess að ganga lengra í að afnema einokun ríkisins á námsgagnagerð en mikilvægt er að stjórnvöld styrki vaxtargetu hagkerfisins til lengri tíma, sér

í lagi með því að styrkja framboðshlið hagkerfisins. Með þeim hætti er stoðum rennt undir bættu samkeppnishæfni, framleiðni og hagvöxt til lengri tíma. Í því sambandi þarf að tryggja aukið framboð af nýsköpun í menntatækni til að nútímavæða og auðga nám barna, mæta fjölbreyttum áskorunum innan skólakerfisins og nýta fjármagn sem best þegar kemur að grunn- og framhaldsskólamenntun.

Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði
SI



Íris E. Gísladóttir,
formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja



Reykjavík, 10. maí 2023

Mál nr. 956/2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu

Umsögn Skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara hefur kynnt sér frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Nefndin fagnar því markmiði laganna að stofnunin skuli hafa samráð við börn, ungmenni og starfsfólk skóla um verkefni stofnunarinnar. Þetta er atriði sem nefndin telur að muni koma til með að stuðla að farsæld barna í framtíðinni.

Nefndin er á þeirri skoðun að þó svo að frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu í heild sinni nái yfir flest málefni sem eiga að vera í brennidepli hvað skólamál, nám og menntun og starf kennara varðar, eru þó nokkur atriði sem þarfnast betri skýringa.

2 gr. – Markmið

Í greininni kemur fram undir lið d. að eitt af markmiðum stofnunarinnar eigi m.a. að vera að „styðja [...] við notkun viðurkenndra aðferða í skóla- og frístundastarfi og skólaþjónustu.“ Ekki þykir ljóst hver á að ákveða og velja þessar aðferðir og hvað gerist ef þær eru ekki notaðar af kennurum í skólunum?

Nefndin telur að hér sé verið að ganga gegn sjálfræði kennara þar sem hvorki er kveðið á í lögum um framhaldsskóla né í kjarasamningi um hvernig kennsluaðferðir eigi að nota í kennslu við framhaldsskóla.

5. gr. – Verkefni

Í 5. gr stendur að eitt af verkefnunum stofnunarinnar sé að „byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla, m.a. með því að styðja við, samhæfa og eftir atvikum skipuleggja starfsþróun starfsfólks skóla.“ Starfsþróun skólafólks er afar mikilvæg og það er mjög mikilvægt að standa vörð um hana óháð skólastigi. Taka skal fram í því samhengi að á sviði framhaldsskóla er starfandi *Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF)*.

Skýra þarf hvort nefndin (SEF) komi til með að taka þátt í að byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla og skipuleggja starfsþróun í samstarfi við stofnunina, og ef svo er ekki staðreyndin hvað gerist þá?

Einnig er talað um í 5. grein laganna að efla skólaþróun um allt land. Hér er gefið í skyn að Mennta- og skólaþjónustustofnun fái mjög víðtækt hlutverk og væri jafnvel að stíga inn á verksvið sveitarfélaga varðandi þjónustu við skóla, starfsfólk, foreldra, börn og ungmenni. Nefndin telur að Mennta- og skólaþjónustustofnun ætti fyrst og fremst að vera faglegur bakhjarl skólaþjónustu sveitarfélaga og styðja hana við að sinna hlutverki sínu. Sveitarfélögin sem ekki hafa skólaþjónustu ættu að hafa skyldu til að koma henni á fót. Nauðsynlegt er að útskýra umgjörð skólaþjónustu fyrir framhaldsskólana sem reknir eru af ríkinu og hafa ekki haft aðgang að skólaþjónustu.

6. gr. - Vinnsla persónuupplýsinga

Í 6. gr er fjallað er um vinnslu persónuupplýsinga og þá breytingu að hægt verði að skoða upplýsingaflæði á persónuupplýsingum á milli grunn- og framhaldsskóla. Þetta sé gert til að tryggja viðeigandi stuðning við nemendur. Þarna er m.a. fjallað um samkeyrslu skráa sem gæti orðið til mikilla hagsbóta fyrir nemendur og tryggt þeim betri stuðning og rétt nám í framhaldsskóla. Benda má á að það er óljóst hvernig farið verður með upplýsingar um heilsufar, veikindi, og áminningar starfsmanna en þetta er talið áhyggjuefni. Nefndin telur einnig að útskýra þurfi betur hvernig verður farið með gögn opinberra starfsmanna.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara



Simon Cramer Larsen

Formaður Skólamálanefndar

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogur 10. maí 2023

Efni:

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu. Mál nr. 956.

Samkvæmt frumvarpi til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu er gert ráð fyrir frekari endurskoðun á fyrirkomulagi útgáfu námsgagna. Jafnframt að ráðist verði í áttak til að stuðla að fjölbreyttri nýsköpun í námsgagnagerð og auknu framboði af nýju námsefni. Því ber að fagna enda gegna námsgögn veigamiklu hlutverki í skólastarfi. Mikilvægt er að umræða um námsefnisútgáfu sé uppi á borðum og staðreyndum haldið til haga.

Af og til koma fram gagnrýnisraddir við fyrirkomulag opinberrar námsefnisútgáfu og orðið „einokun“ jafnvel notað í því samhengi. Slík umræða er í raun ekki ný af nálinni en þannig raddir hafa heyrst frá því að Námsgagnastofnun tók til starfa árið 1980. Þegar þess konar gagnrýni hefur komið fram og málin skoðuð ofan í kjölinn hefur niðurstaðan ávallt verið sú að ríkisrekin námsefnisútgáfa á okkar örlitla málsvæði sé hagkvæmasta leiðin til að þjóna nemendum og skólasamfélaginu best. Samskonar fyrirkomulag er einnig þekkt í öðrum fámennum málsamfélögum eins og t.d. hjá sænskumælandi Finnum og Svartfellingum.

Gagnrýnin hefur oft beinst að þeirri stofnun sem sinnt hefur opinberri námsefnisútgáfu hverju sinni (Ríkisútgáfa námsgagna, Námsgagnastofnun og Menntamálastofnun) og jafnvel gengið svo langt að segja að lausn á öllum vanda nemenda og kennara sé fólgin í afnámi opinberrar námsefnisútgáfu. Þjónusta almenna markaðsins við gerð námsefnis fyrir nemendur leik- og framhaldsskóla bendir ekki til þess að lausnin liggi þar.

Að mörgu er að hyggja við útgáfu á námsefni fyrir grunnskóla á litlu málsvæði eins og Íslandi. Gæta þarf þess að aðgengi að námsefni sé jafnt fyrir alla án tillits til efnahags. Gefa þarf út námsefni og kennsluleiðbeiningar í um 26 mismunandi námsgreinum samkvæmt aðalnámskrá og sumu efni er dreift í litlum upplögum og á mismunandi miðlum. Gæðakröfur gilda fyrir útgáfu námsefnis á öllum miðlunarformum. Til að framleiða gæðanámsefni þarf hóp sérfræðinga með sértæka þekkingu á sviði námsefnisgerðar s.s. ritstjóra, hönnuði, forritara, vefstjóra, prófarkalesara og prentsmiði sem og reynslumikla kennara og aðra sérfræðinga í viðkomandi námsgreinum til að semja efnið sem og að veita faglegar ráðleggingar.

Árlega dreifir Menntamálastofnun um 560.000 námsbókum til ríflega 47.000 nemenda í 174 grunnskólum landsins, auk þess sem stofnunin gefur út talsvert af vefefni. Fjárveiting til miðlunarsviðs Menntamálastofnunar árið 2022 var um 340 milljónir króna og af þeim skilaði sviðið til baka um 50 milljónum í formi virðisaukaskatts vegna framleiðslu námsgagna. Heildarkostnaður vegna námsgagna hvers grunnskólanema var því um 7.500 kr. það ár. Til að metnaðarfullum markmiðum í frumvarpsdrögunum verði náð þarf að stórauka fjármagn til málaflokksins.

Í ljósi alls þessa er lítil hagnaðarvon í námsefnisútgáfu nema mögulega í útgáfu einstakra titla í tilteknum námsgreinum og að því gefnu að fjármagn til námsefnisgerðar verði aukið til mikilla muna. Það hefur ekki gerst fram til þessa og áhugavert að rýna í hve fjárveitingar til námsefnisútgáfu hafa dregist mikið saman síðasta áratuginn með þeim afleiðingum að dregið hefur úr nýsköpun, nýsmíðisútgáfu og hægst mjög á stafrænni þróun.

Fjöldmörg tækifæri bjóðast með tilkomu þessa frumvarps sem eru til þess fallin að styðja við farsæld og þroska nemenda. Lítum fram á veginn líkt og frumvarp þetta kveður á um og höldum áfram að tryggja nemendum gæðanámsefni.

Með kveðju,

starfsfólk miðlunarsviðs Menntamálastofnunar

Andri Már Sigurðsson

Arna Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir

Auður Stefánsdóttir

Elín Lilja Jónasdóttir

Harpa Pálmadóttir

Margrét Friðriksdóttir

Sigríður Wöhler

Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Þorbjörg Halldórsdóttir

Þóra Þórðardóttir

Þórhildur Sverrisdóttir

Umsögn vegna frumvarps um Mennta- og skólaþjónustu. 153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 1492 — 956. mál. Umsagnaraðili: Sverrir Óskarsson, 9. maí 2023.

Undirritaður fangar tillögum um eflingu skólaþjónustu, innleiðingu farsældar og að ný stofnun eigi að koma með sterkt hlutverk inn í þessi málefni. Þetta eru mjög spennandi tímar og gríðarlega mikilvægt að stíga ákveðin skref í eflingu þjónustu fyrir börn. Legg fram meðfylgjandi umsögn.

Núverandi frumvarp dregur fram verkefni og hlutverk þriggja stofnana. Það eru núverandi verkefni stofnunarinnar, verkefni sem ný stofnun á að sinna í eitt ár og síðan ný verkefni og áherslur sem koma inn með nýjum skólaþjónustulögum.

- a) Núverandi stofnun er með mörg verkefni og óljóst með afdrif margra þeirra. Verkefni sem eru mjög mikilvæg fyrir skólustarf. Fram kemur að alþjóðleg verkefni (PISA, TALIS, Eurydice, Refernet, Youthwiki, EQF ofl.), stjórnsýsluverkefni og ytra mat skóla fari til ráðuneytisins. Áhyggjur eru af því að ýmis verkefni núverandi stofnunar, sem ekki koma fram í lagatexta frumvarpsins, falli niður. Þetta eru verkefni sem skólasamfélagið hefur óskað eftir og nýtast mjög vel fyrir börn og ungmenni. Mun útskýra frekar ef óskað er.
- b) Í 5. gr. frumvarpsins eru tilgreind ellefu verkefni nýrrar stofnunar og mörg þeirra mjög umfangsmikil. Bið ykkur að hugleiða hvort það sé farsælt að stofnunin taki þessi nýju verkefni að sér, m.a. þar sem sum eru ekki á vegum ríkisins í dag, á sama tíma og fjármögnun og faglegar forsendur nýrrar stofnunar verða ekki öflugri. Gagnrýni á núverandi hlutverk Menntamálastofnunar, m.a. frá skólasamfélaginu, Ríkisendurskoðun, skýrslu Capacent, viðhorfskönnunum og fleiri, er að verkefnin hafi verið of mörg, of umfangsmikil og skort fjármögnun. Þessar áhyggjur komu einnig fram þegar Menntamálastofnun var sett á laggirnar árið 2015. Innleiðing aðalnámskrá, leiðsögn við innra mat, stuðningur við eftirfylgni umbótaáætlaða, aðferðir og úrræði sem styðja við skólustarf, efling frístundastarfs, framkvæmd skólaþjónustu, efling skólaþróunar og rannsóknir á sviði menntunar eru allt algjörlega frábær verkefni. En erum við mögulega að fara fram úr okkur með væntingar og verður ráðið fagfólk og sett fjármagn í þetta. Sé vísað í orð ráðherra á Alþingi verður ekki sett aukið fjármagn í nýja stofnun við stofnun hennar og fjármunir þeirra verkefna sem fara til ráðuneytisins munu fylgja þeim þangað. Samkvæmt þessum skilningi og fyrirbyggjandi fjármálaáætlun verður ekki svigrúm til að ráða nýtt fagfólk og núverandi mannafla væntanlega í sömu verkefnum áfram (t.d. námsefnisgerð, matsferill o.fl.). Þá hef ég áhyggjur af því að ýmis samlegðaráhrif muni tapast og sérfræðipækking fara frá stofnuninni. T.d. munu sérfræðingar í ytra mati, sem fara til ráðuneytisins, ekki nýtast nýrri stofnun í því að veita skólum ráðgjöf við innra mat og vinnslu umbótaáætlaða, sérfræðingur í TALIS mun ekki styðja við ráðgjöf til skólastjórnenda og sérfræðingar í Eurydice munu ekki nýtast beint í því hlutverki að innleiða stefnumótun stjórnvalda og sérhæfða fræðslu til stjórnvalda (sem er nýtt verkefni stofnunarinnar). Ný stofnun er að fá ný metnaðarfull verkefni og fjöldi þeirra sem fá þjónustu er að margfaldast en á sama tíma er verið að draga saman og fækka björgum nýrrar stofnunar. Ég er til dæmis mjög ánægður að leikskólar á Íslandi fái öfluga skólaþjónustu, aðstoð við skólaþróun og aðstoð við gerð umbótaáætlaða, en verður svigrúm til að ráða sérfræðinga til að aðstoða þá 260 leikskóla sem eru starfandi.
- c) Gert er ráð fyrir að ný skólaþjónustulög taki gildi eftir eitt ár og þá verði mögulega sett upp annað form á þjónustu (sbr. það sem skrifað er í Menntastefnu 2030 og aðgerðaráætlun). Með þessu mun ný stofnun fá enn nýtt hlutverk og verkefni, mögulega af öðrum toga en Menntamálastofnun og Mennta- og skólaþjónusta.

Tilgreint er í frumvarpinu að eitt veigamikið hlutverk nýju stofnunarinnar sé að samhæfa hlutverk og verkefni í þágu farsældar barna og innleiðingu Menntastefnu 2030, ásamt innleiðingu á annarri stefnu stjórnvalda. Þetta er auðvitað mjög gott en þá reynir á okkur að stefna stjórnvalda, t.d. í málefnum barna, skólaþjónustu og almennt gagnvart skólasamfélaginu, sé skýr og afdráttarlaus. Nýjustu rannsóknir og kenningar í innleiðingu á stofnanabreytingum í menntakerfinu, kenningar um menntaumbætur og skólaþróun leggja allar áherslu á mjög skýrt orðlag og útfærslu sem nær með skýrum hætti til kennara, barna og foreldra. Fræðin leggja áherslu á þátt kennara og skólastjórnaenda við innleiðingu. Hef áhyggjur af því að stefnurnar séu of margar, virki ekki hlutverk skólafólksins sjálfs og hugtök séu of óskýr, sem komi í veg fyrir skilvirka, hagkvæma og markvissa innleiðingu á stefnu stjórnvalda. Erfitt er að lesa í hugtök frumvarpsins og skýra þýðingu þeirra; til dæmis birtist mismunandi sýn á eðli skólaþjónustu, flókið að sjá samvirkni milli þjónustustiga farsældar og þrepaskipts stuðnings og eins er skólaþróun og umbótastarf ekki vel skilgreint.

Það eru áskoranir í menntakerfinu og gríðarlega mikilvægt að nemendur, foreldrar, kennarar og aðrir fái góðan og vel samhæfðan faglegan stuðning. Mér finnst frumvarpið ekki skýra nægjanlega vel hvort stofnunin eigi að vera í einstaklingsmálum og/eða beinu hlutverki við starfsmenn skóla og sveitarfélaga. Ef stofnunin á að taka að sér málefni einstakra nemenda í leikskóla og frístundastarfi þarf að undirbyggja það betur út frá faglegum þáttum og persónuvernd.

Ef vilji okkar er að bæta þjónustu við börn verðum við að vera skýrari og setja fram upplýsingar um útfærslu og þá starfskenningu sem við viljum styðjast við í nýrri stofnun. Nú er sjálfstæði skóla mikið á Íslandi, samanborið við önnur lönd, og við verðum að móta áherslur í því hvernig miðlæg stofnun rækir þjónustuhlutverk sitt við slíkar aðstæður.

Ég hlustaði á kynningu ráðherra á frumvarpinu og ræður þingmanna í framhaldi. Ég dáðist af metnaði og hjartalagi þingmanna gagnvart málefnum barna, menntamálum og nýrri stofnun. Takk fyrir það. Með tilvísun í umræður þingmanna finnst mér óljóst með hvaða hætti ný stofnun á að koma að námsmati, mati á námsárangri og hvernig upplýsingum um þessa þætti verði skilað til foreldra, skóla og sveitarfélaga. Þá finnst mér frumvarpið óskýrt varðandi hlutverk gagnvart læsi, íslensku og eflingu þessara mikilvægu þátta í skólastarfi. Ég sé að námsefnisgerð fyrir framhaldsskóla og leikskóla bætist við hlutverk stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu en hvað með rannsóknir, námsefnisgerð og stuðning við frístundastarf og önnur svið málefna barna, sem ný stofnun á að koma að. Þá skortir að skýra hlutverk stofnunarinnar gagnvart uppbyggingu á stafrænum innviðum í menntamálum og í farsældarþjónustu við börn á Íslandi.

Við breytingar á menntakerfum og þjónustu fyrir nemendur í öðrum löndum hafa þjóðþing viðkomandi landa fengið bein álit frá sérfræðingum í menntunarfræðum og menntavísindum (sjá dæmi í fylgigögnum). Mikilvægt er að Alþingi hafi slíka sérfræðipækkingu og gögn þegar teknar eru ákvarðanir um þróun menntakerfisins.

Fæ í lokin að fagna þeim skrefum sem er verið að stíga og er fylgjandi þeim, en tel rétt að gera nokkrar úrbætur í lagasetningarferlinu.

Bestu kveðjur, Sverrir Óskarsson,
kennari, félagsráðgjafi og stjórnarsýslufræðingur.

Fylgiskjöl

Læt fylgja með tilvísun í nokkur þeirra skjala sem hafa veitt mér innblástur við ofangreindar hugleiðingar (ath. að þetta er ekki sett sem heimildaskrá – heldur sem hlekkir fyrir þingmenn):

- Álit prófessors Ken Muir til skoska menntamálaráðherra. Putting Learners at the Centre: Towards a Future Vision for Scottish Education (2022). Að setja nemandann í fyrsta sæti. <https://www.gov.scot/publications/putting-learners-centre-towards-future-vision-scottish-education/>
- Hlutverk og skipulag skólabjónustu í innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og Menntastefnu 2030. Sérfræðingar frá HA, feb. 2022. Minnisblað til sambandsins. <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2022/10/minnisblad-ha-serfr-250222-loka.pdf>
- Skólabjónusta sveitarfélaga í nútíð og framtíð: Viðfangsefni, starfshættir og skipulag - Skólabræðir. Rúnar Sigbórsson, Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elíadóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Trausti Þorsteinsson (2022). [Skólabjónusta sveitarfélaga í nútíð og framtíð: Viðfangsefni, starfshættir og skipulag – Skólabræðir \(skolathraedir.is\)](https://www.skolathraedir.is/)
- Skólabjónusta sveitarfélaga: Starfsþróun og skólar sem faglegar stofnanir. Birna María Svanbjörnsdóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Trausti Þorsteinsson, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elíadóttir (2021). Tímarit um uppeldi og menntun. [Skólabjónusta sveitarfélaga: Starfsþróun og skólar sem faglegar stofnanir | Svanbjörnsdóttir | Tímarit um uppeldi og menntun \(hi.is\)](https://www.hi.is/)
- Grunnskólinn hjá sveitarfélögum í 25 ár. Ávinningar og áskoranir. Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Gerður G. Óskarsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Sigríður Margrét Sigurðardóttir og Þorsteinn Sæberg (2022). [Ávinningur og áskoranir við yfirfærslu grunnskólans 1996 Skólabræðir.pdf](https://www.skolathraedir.is/)
- Þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021-2030 (mars 2021). <https://www.althingi.is/altext/151/s/1111.html>
- Menntastefna til 2030: Fyrsta aðgerðaráætlun. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna_2030_fyrsta%20adgerdar%c3%a1%c3%a6tlun.pdf
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). <https://www.althingi.is/lagas/153b/2021086.html>
- Viljayfirlýsing um samstarf um úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn. <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2022/10/viljayfirlýsing-um-sameiginlega-uttekta.pdf>
- Menntun til framtíðar: Aðgerðir og viðbrögð í kjölfar fundaraðar um menntun fyrir alla og mótun menntastefnu til 2030. [file:///C:/Users/sverriro/OneDrive%20-%20Menntask%C3%BD/D%20n%C3%A1m/Sk%C3%BDslur/Menntun%20til%20framtidar_sk_yrsla_17012020.pdf](https://www.skolathraedir.is/)
- Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda: skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=349b2e00-ef44-11e9-944e-005056bc530c>
- Skólabjónusta sveitarfélaga við nemendur og foreldra: Stefna, skipulag og inntak. Hermína Gunnþórsdóttir, Rúnar Sigbórsson, Jórunn Elíadóttir, Birna María B. Svanbjörnsdóttir, Sigríður Margrét Sigurðardóttir (2022). Íslenska þjóðfélagið. [27_73_PB.pdf \(opinvisindi.is\)](https://www.opinvisindi.is/)
- Framtíðarstefna um samræmt námsmat: tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og->

[skrar/MRN/191015_framt%C3%AD%C3%B0arstefna%20um%20samr%C3%A6mt%20n%C3%A1msmat_lokagerd.pdf](#)

- Matsferill - stefna um nýtt námsmat grunnskóla til umsagnar í Samráðsgátt. [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3433](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3433)
- Læsisvefurinn. <https://laesisvefurinn.is/>
- Menntun fyrir alla - horft fram á veginn. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/MFA_horft%20fram%20a%20veginn_starfshops_vefur.pdf
- Sigrún Daníelsdóttir o.fl. Á vegum Landlæknis. Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi (2019). https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38659/Starfsh%C3%B3pur%20um%20ge%C3%B0r%C3%A6kt%20%C3%AD%20sk%C3%B3lum_sk%C3%BDrsla.LOKA.pdf
- Fyrirspurn frá alþingismanni til ráðherra um Menntamálastofnun og útgáfu námsefnis (lögjafarþing 2017-2018). <https://www.althingi.is/altext/147/s/0181.html>
- Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir. [07.pdf \(hi.is\)](#)
- Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna María Svanbjörnsdóttir, Rúnar Sigþórsson (2021). [Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir | Óskarsdóttir | Netla \(hi.is\)](#)
- Lokaskýrsla Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla - [Stjórnarráðið | Lokaskýrsla Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á íslensku \(stjornarradid.is\)](#)
- Ráðherranefnd um íslenska tungu - [Fimm ráðherrar í eina nefnd um íslenska tungu - RÚV.is \(ruv.is\)](#).
- PISA niðurstöður 2018 - [pisa_2019_0.pdf \(mms.is\)](#)
- Stóraukin áhersla á orðaforða og starfsþróun: aðgerðir í kjölfar PISA 2019. MRN des. 2019. [Stjórnarráðið | Stóraukin áhersla á orðaforða og starfsþróun: aðgerðir í kjölfar PISA 2018 \(stjornarradid.is\)](#)
- Aðgerðir í kjölfar PISA 2018 - glærुकyning frá fjölmiðlafundi des 2019. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/12/03/Storaukin-ahersla-a-ordaforda-og-starfsthroun-adgerdir-i-kiolfar-PISA-2018/>
- Skólalþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla: Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólalæstjóra, grunnskólalæstjóra og forsvarsaðila skólalþjónustu. https://www.unak.is/static/files/pdf-skjol/2020/skyrsla_loka_m.forsidu_28.02.20.pdf
- Heimsmarkmiðin - að ná tókum á lestri. <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/maelabord/4.6/>
- Aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar - vegna viðhalds viðurkenningar sem Barnvænt sveitarfélag. https://www.kopavogur.is/static/files/Stefnur/barnvaent-sveitarfelag_adgerdaaetlun-til-2024.pdf
- Grípa þarf til aðgerða í skólamállum. Viðtal. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/gripa-tharf-til-adgerda-i-skolamalum>
- Menntamálastofnun - skýrsla Ríkisendurskoðunar, mars 2021. <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2021-Menntamalastofnun.pdf>
- Heimsmarkmið sameinuðupjóðanna - stöðuskýrsla 2018. <https://www.government.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3a703224-803d-11e8-942c-005056bc530c>
- Íslensk málstefna 2021 - 2030. https://islenskan.is/images/islensk_malstefna_sept_2021.pdf
- Ráðstöfun fjármuna í grunnskólum. MRN og Sambandið ágúst 2021. [Skýrsla um ráðstöfun fjármuna í grunnskólum - Samband íslenskra sveitarfélaga](#)
- Mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla: Niðurstöður kannana og aðgerðir til úrbóta. MRN sept 2020. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og->

[skrar/MRN/Mat%20%a1%20innlei%b0ingu%20a%b0aln%a1mskr%a1r%20grunnsk%b3la_til%20birtingar%20%a1%20vef_2021_a.pdf](https://www.mmr.is/krar/MRN/Mat%20%a1%20innlei%b0ingu%20a%b0aln%a1mskr%a1r%20grunnsk%b3la_til%20birtingar%20%a1%20vef_2021_a.pdf)

- Námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum.
https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2r69VSgOeB6ZeUFCLPqcZ2/4e5040dac1a13ecb11c38d4d2453c922/Namsefni_og_heildarskolanalgun_skyrsla_nov2020.pdf
- Ytra mat á grunnskólastarfi - Ársskýrsla 2021.
https://mms.is/sites/mms.is/files/arsskyrsla_ytramagrunnskola_2021_0.pdf
- Helgi Grímsson - Grein um skólaþjónustu og nýja stofnun á sveitarstjórnarstigi - [Hvert skal haldið? Hugleiðing um skipan stuðnings við markvissa skólabróun – Skólabræðir \(skolathraedir.is\)](#)
- Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna - kynning.
<https://www.bvs.is/media/almeningur/Samthaetting-thjonustu-i-thagu-farsaeldar-barna-fyrir-heimasidu.pdf>
- Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu. Birna María Svabjörnsdóttir Hermína Gunnþórsdóttir Jórunn Elíadóttir Rúnar Sigþórsson Sigríður Margrét Sigurðardóttir (2020). [skyrsla_loka_m.forsidu_28.02.20.pdf \(unak.is\)](#)